



Glaumbær

Fornleifaskráning
vegna deiliskipulags fyrir
umhverfi prestsbústaðar, kirkju og safns
og aðalskipulagsskyldar minjar utan þess svæðis,
í Glaumbæ I og II.



Gamli bærinn í Glaumbæ

Sigríður Sigurðardóttir
febrúar 2003

2003 / 11

Glaumbær I og II

Sigríður Sigurðardóttir

Efnisyfirlit

Inngangur	4
1 Tilgangur	5
2 Aðferðir	6
2.1 Aðferð við skráningu	6
2.2 Jarðanúmer	6
2.3 Tegund, hlutverk og heiti	6
2.3 Lega	7
2.4 Staðhættir og lýsing	7
2.6 Heimildir	7
Helstu minjaflokkar	8
Minjar innan túns	8
Minjar utan túns	9
Minjar við sjó/vötn	10
3 Saga og fornleifar	12
3.1 Glaumbæjarannáll	12
3.2 Jarðlýsing	18
3.3 Yfirlitsmyndir - loftmyndir	19
3.4 Fornleifaskráning	20
1 Bæjarhóll	20
2 Kirkjutóft	20
3 Kirkjugarður	21
4 Stagsteinn	21
5 Hestsfjötur	22
6 Öskuhaugur	22
7 Fjárhús	23
8 Fjárhús	23
9 Fjárhús	24
10 Brunnur	24
11 Bústaður	25
12 Bæjarhóll	26
13 Stekkur	27
14 Áningastaður	28
15 Tóft	29
16 Tóft	29
17 Varða	30
18 Vað	30
19 Hjáleiga	31
20 Rétt	32
21 Heygeymsla	32
22 Íbúð	33
23 Áttatákn	34
4 Húsin	35
Glaumbær	35
Gilsstofan	36
Áshúsið	37
Heimildaskrá	38
Fylgiskjal 1 Byggðasafn Skagfirðinga - yfirlit	39
Fylgiskjal 2 Grafísk mynd viðnámsmælinga - elstu búsetuleifar í Glaumbæ	40

Inngangur

Fornleifaskráning sú er hér fylgir er fyrir Glaumbæ I og II á Langholti í Skagafirði. Um er að ræða skráningu vegna deiliskipulags á svæði sem nær yfir umhverfi nýs prestsbústaðar, þ.e. kirkjugarð og safnsvæði, sem skipulagsyfirvöld óskuðu eftir við Byggðasafn Skagfirðinga. Einnig skrá yfir fornleifar utan þess svæðis, fyrir aðalskipulagsgerð er hún verður upp tekin.

Skráningin fór fram á tímabilinu 20. des 2002 - 10. jan. 2003. Við heimildaleit og skráningu í Sarp, gagnagrunn þjóðminjavörslunnar og skýrslugerð vann Sigríður Sigurðardóttir sagnfræðingur, sem gekk svæðið ásamt Katrínu Gunnarsdóttur fornleifafræðingi. Teikningar: Daniel Bruun, Edwin Sacher, Sigríður Sigurðardóttir, ofl. Ljósmyndir: Sigríður Sigurðardóttir, John Steinberg.

1 Tilgangur

Þjóðminjalög nr. 107/2001 kveða á um þá skyldu að fornleifaskráning fari fram áður en gengið er frá svæðisskipulagi, aðalskipulagi eða deiliskipulagi eða endurskoðun þess. Einnig að sá sem ber ábyrgð á skipulagsgerð, í samræmi við skipulagslög, eigi að standa straum af kostnaði við skráninguna (sjá 11. gr. Þjml.107/2001). Í lögunum eru skýr skilaboð um að stuðla beri að verndun menningarsögulegra minja í eigin umhverfi og tryggja að menningararfi liðinna kynslóða verði skilað óspilltum til framtíðar, auðvelda aðgang að þeim, kynna þær og greiða fyrir rannsóknum. Til að það gangi eftir er nauðsynlegt að vanda skráningu minja í umhverfinu og hafa víðtækar og aðgengilegar upplýsingar um þær. Fornleifaskráning er forsenda þess að hægt sé að a) taka ákvarðanir um aðgerðir til verndar einstökum minjastöðum eða minjasvæðum, b) sinna rannsóknum um minjaumhverfið og kynna það.

Fornleifar eru skilgreindar (sjá 9. gr. Þjml.107/2001) sem:

[...] hvers kyns leifar fornra mannvirkja og annarra staðbundinna minja sem menn hafa gert eða mannaverk eru á, svo sem:

- a. búsetulandslag, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi mannvirkjum, húsaleifar hvers kyns, svo sem kirkna, bænahúsa, klaustra og búða, leifar af verbúðum, naustum, verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum;*
- b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bóllum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri;*
- c. gömul tún- og akurgerði, áveitumannvirki og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita;*
- d. gamlir vegir, stíflur, brýr, vatnsvöð, varir, hafnir og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og vitar og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra;*
- e. virki og skansar og önnur varnarmannvirki;*
- f. gamlir þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð;*
- g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum;*
- h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið;*
- i. skipsflök eða hlutar úr þeim.*

Minjar 100 ára og eldri teljast fornleifar, en heimilt er þó að friðlýsa yngri minjar [...].

Fornleifar eru friðhelgar og verndaðar gegn hvers kyns raski. Í 10. grein laganna segir að fornleifum megi enginn „spilla, granda né breyta, ekki heldur hylja þær, laga né aflaga né úr stað flytja nema með leyfi Fornleifaverndar ríkisins.“ Þetta á við um allar fornleifar, óháð sérstakri friðlýsingu. Friðhelgi fornleifa er ekki háð því að þær séu þekktar eða hafi verið skráðar.

Eitt af markmiðum fornleifaskráningar er að sporna gegn því að minjar verði fyrir skemmdum af gáleysi eða að nauðsynjalausu. Ef áður óþekktar fornleifar finnast ber að tilkynna það Fornleifavernd ríkisins. Komi fornleifar í ljós við jarðrask skal fresta vinnu á staðnum uns ákvörðun Fornleifaverndar liggur fyrir um hvort og með hvaða skilyrðum framkvæmdir megi halda áfram (sjá 14. gr. Þjml.107/2001). Það er hagar þeirra sem stýra hvers konar framkvæmdum að eiga aðgang að yfirliti um fornleifar á tilteknu svæði. Við það vinnst tvennt. Unnt verður að taka tillit til minjanna við

skipulagsvinnu og nýta þær til að varðveita sögu svæðisins. Þá minnka stórlega líkur á að framkvæmdaraðilar rekist í miðjum klíðum á fornleifar, sem þeir gerðu sér ekki grein fyrir að gætu verið fyrir hendi, og nauðsynlegt reynist að rannsaka með tilheyrandi kostnaði og töfum á framkvæmdum. Fornleifaskráning sameinar því bæði hagsmuni fræðigreinarinnar og þeirra sem standa að framkvæmdum. Björgunaruppgröftur, sem unninn er vegna framkvæmda og undir þrýstingi frá framkvæmdaaðilum er hvorki æskilegur þeim né frá sjónarmiði fornleifafræðinnar.

Almennt er æskilegt að framkvæmdum sé beint frá minjastöðum en sé þess enginn kostur ber að tilkynna Fornleifavernd ríkisins um framkvæmdirnar með fyrirvara. Getur Fornleifavernd ef svo ber undir krafist þess að framkvæmdum sé frestað uns fornleifarannsókn hefur farið fram. Þeir, sem standa fyrir meiri háttar framkvæmdum, bera kostnað af fornleifarannsóknum sem nauðsynlegar reynast þeirra vegna (sjá 14. gr. Þjml.107/2001).

2 Aðferðir

Þessi fornleifaskráning tekur yfir jarðirnar Glaumbær I og II með áherslu á svæðið sem nú er safnsvæði, kirkjugarður og umhverfi prestseturs. Tekið skal fram að eins og lög gera ráð fyrir er hér verið að fjalla um minjar eldri en hundrað ára, sem geta verið ósýnilegar undir yfirborði jarðar. Sérstaða svæðisins er sú að í Glaumbæ eru þrjú friðlýst hús. Þar er torfbær í eigu Þjóðarinnar sem heyrir til Húsasafns Þjóðminjasafns Íslands, og tvö timburhús í eigu Byggðasafns Skagfirðinga. Bærinn stendur á miklum bæjarhól sem hefur myndast á átta- til níuhundruð árum, en niðri á túni um 250 metrum austur af þeim hól er annar, ávalur og lítt áberandi, en þar leynast minjar húsa frá 10. og 11. öld. Norðaustur af bænum er gamli kirkjugarðurinn þar sem kirkjur voru staðsettar fyrrum og suðvestan bæjar er öskuhaugur sem rekja má aftur á 11. öld.

2.1 Aðferð við skráningu

Hin eiginlega skráning er í 3. kafla skýrslunnar er nefnist „Saga jarðar og fornleifar“. Helstu heimildir hafa verið kannaðar svo sem jarðabækur, örnefnaskrár, fornrit, sóknalýsingar og aðrar ritaðar heimildir, ásamt kortum. Allar upplýsingar eru skráðar í Sarp, gagnagrunn Þjóðminjasafns Íslands. Við hann miðast form skráarinnar. Í sögulega yfirlitinu er gerð grein nýtingu jarðanna í tímans rás, breytingum, atburðum og öðrum þáttum sem varpað ljósi á sögu byggðar, búskap og nytjar.

2.2 Jarðanúmer

Býlin eru auðkennd með tveimur númerum; landsnúmeri sem Fasteignamat ríkisins hefur úthlutað og númeri sem gefið var við jarðaskiptingu eins og hún kemur fyrir í Jarðatali Johnsens frá 1847.¹ Glaumbær I hefur samkvæmt því númer 146031-111 og Glaumbær II hefur 146034-111. Þetta helgast af því að í Fornleifaskrá Sarps eru fornleifarnar flokkaðar eftir jörðum samkvæmt þessu númerakerfi. Tekið skal fram að í óskiptu landi t.d. á Glaumbæjareyjum er notað landnúmer Glaumbæjar I.

2.3 Tegund, hlutverk og heiti

Í örfáum orðum er tegund og hlutverki minja lýst, þ.e. hvort um er að ræða tóftir bæja eða útihúsa, heystæða eða annarra kennileita.

¹ J. Johnsen, 1847. Jarðatal á Íslandi.

Stundum sjást fornleifar ekki í landslaginu, þótt þeirra sé getið í heimildum, og kunna margar ástæður að vera fyrir því. Kemur þá fram í fornleifaskránni ef gengið er út frá því að „heimild“ sé til um t.a.m. hjáleigu og er hún þá skráð sem slík. Leitast er við að hafa fornleifaskrána eins nákvæma og kostur er, því að leifar fornminja kunna að leynast í jörðu þótt ekki sé unnt að sjá þær með berum augum á yfirborðinu eins og sannarlega hefur komið fram í gamla túninu í Glaumbæ sl. tvö ár.

Hafi fornminjarnar sérnafn, t.d. Stórabúfa eða Selrindi, er það sérstaklega skráð, en ef engu slíku er til að dreifa kemur fyrir að hlutverki þeirra er lýst þar sem sérnafn stæði annars, t.d. fjárhús eða brunnur.

2.3 Lega

Hið forna land Glaumbæjar náði frá Héraðsvötnum að austan vestur að Meðalheimsvatni á Langholtsás, að Marbælislandi að norðan, til Halldórsstaða og Ytra-Skörðugils að sunnan. Nú liggur jörðin að landamerkjum Jaðars og Hátúns að norðan og vestan. Í skránni eru minjastaðir deiliskipulagssvæðisins sem um ræðir staðsettir með í GPS hnitum og merktir á loftmynd nr. E487 frá Loftmyndum ehf. sem tekin var árið 2002 og hlutar úr loftmynd N-5240 frá Landmælingum Íslands. Aðrir minjastaðir eru merktir inn á myndir sem teknar voru úr lofti sama ár.

2.4 Staðhættir og lýsing

Í kafla um staðhætti og lýsingu er greint frá afstöðu minja á svæðinu og þeim lýst að formi, umfangi og ástandi.

2.5 Hættumat

Lagt er mat á hættu sem fornleifunum kann að stafa af völdum náttúru og manna til þess að unnt verði að grípa til viðeigandi ráðstafana ef talin verður hætt á að minjar verði fyrir raski. Hættumatið felst í þrennu: a) Hætta vegna ábúðar þýðir að framkvæmdir eða álag kunni að raska fornminjum. b) Hætta vegna veðrunar þýðir að fornleifar geti máðst burtu fyrir áhrif vinda eða vatns. c) Hætta vegna landbrots þýðir að fornleifar geti glatast af völdum sjávar, regnvatns eða uppblásturs. Við skipulag framkvæmda er nauðsynlegt að taka tillit til þessara heimilda og fara varlega á svæðum þar sem fornleifar geta hugsanlega leynst undir sverðinum.

2.6 Heimildir

Vísað er í heimildir við hverja skráða fornleif. Heimildir sem stuðst er við í öðrum köflum er getið neðanmáls. Ræðst það af því að skráning hverrar fornleifar á að geta staðið ein og óstudd af öðru efni skýrslunnar.

Helstu minjaflokkar

Búsetumínum má skipta í minjar innan túns og utan. Bæjarstæði / -hólar og umhverfi þeirra geyma mesta sögu, en stærsta minjaflokkinn mynda hverskonar útihús.

Innan túns má nefna fjós, fjárhús, hrútakofa, hesthús, lambhús, smiðjur og ýmsa kofa eftir hlutverkum, kvíar, hlöður og skemmur. Utan túns má nefna sel, beitarhús, stekki, heytóftir, réttir, náttuga, smalakofa, o.fl. Aldur útihúsa er sjaldan þekktur en þau voru oft byggð öldum saman á sama stað. Því kunna leifar eldri mannvirkja að leynast undir tóftum þeirra yngri. Lega og útlit minja gefur oft til kynna hverskyns minjar um er að ræða þótt engar heimildir hafi geymst um notkun þeirra. Oft er ekki hægt að ákveða hvernig hús voru notuð.

Minjar innan túns

Bæjarstæði

Útlit og lega bæjarstæða helgast af því hvort um er að ræða viðvarandi eða styttri byggð. Oft varðveitast afbýli og skemmri tíma bústaðir vel, s.s. sel þar sem þau eru gjarnan þannig staðsett að seinni tíma framkvæmdir hafa ekki raskað við þeim. Slík bæjarstæði / bústaðir geta gefið miklar fornleifafræðilegar upplýsingar. Bæjarhólar verða til við síendurtekna endurbyggingar húsa á sama stað. Þeir varðveita mikla sögu um húsakost og lifnaðarhætti, og þar eru mestar líkur á að finna verðmæta gripi. Bæjarstæði eru oft þyrping bygginga þar sem útihús hverskonar voru áföst eða fast við bæjarhúsin.

Kirkjur voru oftast mjög nálægt bæjarstæðum. Á **alkirkjum**, höfuðkirkjum (beneficium) var messað hvern helgan dag og þar mátti jarða. Á **hálfkirkjum**, svokölluðum útkirkjum (annexium), var messað helmingi sjaldnar en á alkirkjunum eða annan hvern helgan dag. Þar mátti jarða. Djákni aðstoðaði prest ef margar slíkar kirkjur heyru undir alkirkju. Djáknar máttu messa en ekki vígja eða jarða. Á **fjórðungs-** og **þriðjungskirkjum** var messað sjaldnar, ýmist þriðja hvern eða fjórða hvern helgan dag. Þær höfðu ekki allar graftarleyfi. **Bænhús** voru einskonar heimiliskapellur. Í þeim mátti messa en biskupsleyfi þurfti til að gífta, skíra eða veita sakramentið og þar mátti ekki grafa lík. Á miðöldum og eftir siðbreytingu 1551 var mörgum kirkjum breytt í bænhús. Vitnisburður um það eru kirkjugarðar sem hafa fundist á stöðum þar sem heimildir geta bænhúsa, en ekki kirkju.

Grafreitir voru oftast afmarkaðir af garðhleðslu. Þeir voru við eða nærri bæjarstæðinu, umhverfis kirkjur. Elstu kirkjugarðar voru hringlaga en urðu seinna ferhyrmdir. Ætla má að greftrun hafi farið fram við flestar kirkjur á fyrstu öldum kristni. Fjöldi grafa sem fundist hafa við jarðrask á jörðum þar sem engar heimildir eru til um kirkjur eða bænhús bendir til að víðar hafi verið jarðað, og víðar verið kirkjur, en áður hefur verið ætlað.

Fjós: Fjóstóftir eru oft á bæjarstæðinu sjálfu eða nærri því.

Fjárhús: Fjárhústóftir eru margvíslegar og stærð þeirra og fjöldi króa geta verið mismunandi. Oft má greina garða eftir miðri tóft eða stalla undan jötum upp við vegg. Oft eru hlöður eða heytóftir áfastar við fjárhústóftir.

Hrútakofar: Smærri kofar oft yst í túni.

Lambhús: Yfirleitt smáar tóftir, einnar króar hús.

Hesthús: Oft smá hús yst í túni eða við túngarð.

Smiðjur: Smiðjur voru yfirleitt nálægt bæjarstæðinu sjálfu en einnig eru dæmi þess að þær hafi staðið í túni dálítið frá bænum, vegna eldhættu. Oftast frekar smáar tóftir.

Kofar: Yfirleitt fremur smáar tóftir. Kofarnir voru ýmsir s.s. hænsna- og eldiviðarkofar.

Brunnar: Brunnar eða vatnsból voru mikilvæg enda greiður aðgangur að vatni oftast grunnforsenda þess hvar bæjum var valinn staður. Oft eru brunnar grjóthlaðnir, gjarnan hringlaga en stundum ferhyrndir. Ef byggt var svokallað brunnhús yfir brunnninn eða við hann líkjast tóftirnar öðrum kofatóftum. Einnig var algengt að hafa innangengt eftir rangala frá bæ til brunns.

Myllur: Kornmyllur, svokallaðar vatnsmyllur, knúðar vatni voru við marga bæi. Þær voru víðast hvar aflagðar um síðustu aldamót. Stundum er í heimildum getið um myllusteina sem varðveist hafa eftir að myllurnar sjálfar hrundu, og mylluörnefni eru á flestum bæjum. Tóftirnar liggja við ár eða læk. Þær eru litlar, grjót- og torfhlaðnar og dyr eða op á tóftinni þangað sem vatnið var leitt inn og út. Oft eru grafnar rennur úr læk ofan við að tóftinni og vatnsmagninu þannig verið stýrt. Á stöku stað voru vindmyllur og sér lítið eftir af þeim en heimildir um staðsetningu þeirra eru mikilvægar.

Kvíar: Kvíar voru oftast í túni eða rétt utan þess. Þangað var ánum smalað til mjalta. Kvíum svipar mjög til stekkja en þær voru einn dilkur. Kvíar voru yfirleitt hlaðnar upp þar til síðustu áratugi fráfernaskiðs að farið var að nota færíkvíar úr timbri, sem yfirleitt voru staðsettar á kvíabóli.

Minjar utan túns

Sá flokkur minja sem jafnan hefur varðveist best eru hverskyns minjar utan túns. Þær liggja gjarnan á stöðum þar sem nútíma jarðrækt hefur aldrei verið beitt.

Kuml / haugur / dys / kumlategur: Kuml / haugar eru grafstæði úr heiðni. Þau geta verið einstök eða nokkur saman og mynda þá svokallaðan kumlateg. Stundum eru slíkar grafir upphlaðnar og því greinilegar í landi en oft eru þau þó ósýnileg á yfirborði. Stundum er einföld grjóthleðsla umhverfis eða yfir gröfinni. Kuml og kumlategar eru oft rétt utan túns í um 2-300 m fjarlægð frá bæ. Þau geta þó legið nokkuð utan túns og oft virðast þau liggja á eða við landamerki jarða eða við alfara- eða þjóðleiðir. Stundum eru hólmyndanir í landi, manngerðar og ómanngerðar, álitnar kuml, stundum grafstæði nafngreindra landnáms- eða fornmannna. Sögur, hjátrú eða helgi fylgja oft slíkum fornmannahaugum eða dysjum. Viðskeytin kuml og dys má stundum finna í örnefnum.

Réttir: Réttir, aðhald eða annað gripheldi er gjarnan að finna fjær bæjum, oft mitt á milli bæja. Smærri réttir voru til heimabruks en lögréttir eða skilaréttir nefndust þær réttir þar sem smalað var saman af stærra svæði, sveitum (heimfjöllum) eða afréttum. Þær voru yfirleitt grjót- og torfhlaðnar, gjarnan upp við klettaveggi eða við náttúrulegt aðhaldi einhverskonar. Réttir sem voru notaðar á einstöku bæjum voru smáar og einfaldrar gerðar en lögréttir stærri og oft margskipt upp í dilka.

Stekkir: Eru smaréttir með einum dilk eða kró, svokallaða lambakró og voru notaðir fyrstu dagana við fráferur. Lömb voru færð frá ánum að kvöldi og byrgð inni í krónni til að hægt væri að mjólka ærnar til heimilisins morguninn eftir. Stekkirnir eru gjarnan nokkurn spöl frá bæjum. Þeir eru oftast hlaðnir úr torfi og grjóti og gjarnan upp við stóra náttúrusteina eða klettaveggi.

Náthagar: Náthagar eru frá tíma fráferna, eins og stekkir. Mylkum ám var haldið innan náthagans á næturnar en sleppt út fyrir á daginn. Lömb voru á sama tíma hýst í lambakrónni yfir nóttina, en sleppt til ána á daginn. Náthagarnir voru notaðir bæði á stektíma og á fyrstu vikum með kvíunum og eru því oftast en ekki í næsta nágrenni við bæi.

Sel: Sel eru venjulega nokkurn veg frá bæjum, oftast við ár eða læk. Þangað var búsmali rekinn á sumrum og þar hafði fólk sumardvöl við að vinna mjólkurmat til vetrarins. Sel voru í notkun allt frá landnámstíð og fram um og yfir 1700. öld. Seltóftir

eru jafnan leifar þriggja eða fleiri tófta, oft samfastar. Stundum voru þar líka réttir eða gripheldi. Oft byggðust upp býli af þessum seljum, eða beitarhús. Býli þessi tóku þá gjarnan nafn með viðskeytinu -sel. Erfitt getur verið að greina milli tófta selbúskapar eða smábýla þar sem búseta var í e.t.v. í skemmri tíma. Þó má oft greina smábýlin á túngarðinum sem hefur verið hlaðinn umhverfis bæjarhúsin.

Stöðull: Kýr voru mjólkaðar á stöðli, sem var þurr staður ekki langt frá bæ. Þar eru sjaldan nokkur kennileiti önnur en örnefnið.

Beitarhús: Beitarhús voru byggð utan túns þar sem haglendi var gott. Oft var langt til þeirra að ganga, allt upp í nokkurra kílómetra fjarlægð frá bæ. Þar var fé beitt yfir vetrartímann til að hlífa túnnum og heimahögum. Beitarhúsatóftir samanstanda af myndarlegri fjárhústóft eða tóftum, og oftast en ekki er hlaða áföst fjárhúsunum.

Smalakofar: Fé var smalað í haga að morgni og heim til mjalta að kveldi. Smalar sátu yfir fénu á daginn og voru það oft börn eða unglingar sem gegndu því starfi. Algengt var að smalar hlæðu sér smákofa eða afdrep fyrir veðri og vindum meðan setið var yfir. Tóftir smalakofa eru oft mjög litlar og standa í brekkum eða á hólum þar sem víðsýnt var.

Heytóftir: Þar sem hey var slegið á engjum eða mýrum voru hlaðnar upp tóftir, svokallaðar heytóftir eða heykuml, þar sem heyinu var safnað og það byrgt til geymslu fram á veturinn er fóðra þurfti búsmala. Heytóftir eru oft ferkantaðar og engar dyr á þeim. Tóftirnar standa nokkru hærri en umhverfið til að verjast raka og til að varnar búsmalanum. Heytorf var dregið yfir heyin á haustin og því eru veggja- eða þakleifar vart finnanleg á slíkum tóftum.

Fjárborgir: Fjárborgir voru hringlaga úr grjóti, nokkurskonar réttir eða afdrep fyrir búfé.

Garðlög: Margskonar garðlög er að finna umhverfis tún og utan þeirra. Bæjarstæði voru oftast afmörkuð með hlöðnum túngarði þá oftast úr grjóti og torfi og stundum var hlaðinn garður umhverfis beitarhús eða smábýli. Vallargarðar voru utan túns og oft erfitt að geta sér til um notkun þeirra, en geta verið til að aðgreina land í nytjæiningar, skjól-, flóðvarna- eða landamerkjagarðar.

Heyvinnsla: Stundum má sjá minjar, beðasléttur, um fyrstu tilraunir til túnsléttunar. Fyrstu þrjá áratugi 20. aldar var unnið að túnsléttun og framræslu á flestum bæjum og er tímabilið oft nefnt þaksléttutími. Fyrsta áratuginn voru notuð handverkfæri. Sléttað var í aflöngum spildum eða beðum sem síðan settu svip á túnið. Sléttaðar voru tóftir næst bæjum og jafnað úr gömlum peningshúsum sem staðið höfðu dreifið innan túns.

Mótekja: Mór var notaður til eldsneytis og víða um land finnast minjar um það, svo sem gamlar mógrafir, örnefni sem tengist vinnslunni og fleira. Sama gildir um kolagrafir.

Samgöngur: Víða má finna leifar gamalla vega, stífla, brúa, vaða, hafna og bátalægja, ferjustaða og jafnvel kláfa. Einnig vörður, víta og önnur kennileiti.

Minjar við sjó/vötn

Minjar um sjósókn varðveitast oft illa vegna nálægðar við hafið. Margar hafa horfið við framkvæmdir vegna þéttbýlismyndunar og hafnargerðar, en þar sem verstöðvar eða útgerðastaðir voru oft notaðir frá mörgum bæjum / byggðarlögum kunna að finnast nokkuð fjölbreyttar minjar, hafi þær varðveist á annað borð.

Sjóhús / verbúðir: Sjóhús og verbúðir voru íverustaðir sjómanna á meðan á vertíð stóð. Stundum voru þessi hús á tveimur hæðum. Geymsla undir veiðarfæri og annan búnað á neðri hæðinni en svefnstaður manna á þeirri efri. Grunnur húsanna var grjóthlaðinn en efri hæðin úr timbri. Verbúðir voru einnig oft einföld grjót- og

torfhlaðin hús.

Fiskbyrgi: Oftast grjóthlaðnar einfaldar byggingar, ferhyrndar eða hringlaga, til geymslu.

Hjallar: Oft finnast hleðslur undan hjöllum, fiskhjöllum og geymslum. Slíkar hleðslur eru oft ferköntuðu upphleðsla sem myndar sléttan flöt eða grunn. Einnig er oft einföld grjótröð sem markast af grunninn.

Naust / hróf: Tóftir í eða við fjöruborð þar sem bátar voru dregnir upp og geymdir. Naust geta verið allt frá tóftum sem reft hefur verið yfir til einfaldra veggheðsla sem bátar hafa verið lagðir á milli. Þar sem bátum hefur verið smeygt inn eru naust eru oft bátslaga.

Uppsátur: Þar settu menn upp báta. Uppsátur eru oft samsíða grjóthleðslur sem liggja í sjó fram. Upphlaðnir sjógarðar eða bryggjur eru voru líka til en eru sjaldgæfari.

Fiskgarðar: Upphlaðnir garðar til að þurrka fisk á voru á stöku útgerðarstað.

3 Saga og fornleifar

Eftirfarandi er hin eiginlega fornleifaskráning. Fyrst er söguleg úttekt, svo mikil sem ritaðar heimildir leyfa. Ljóst er, á eftirfarandi skráningu, að ósýnilegir minjastaðir á svæðinu eru í eðli sínu viðbótarheimildir sem huga þarf að varðveislu á við skipulag búsetu og framtíðarnýtingu. Bæjarnafnið Glaumbær hefur þótt torskilið og eru getgátur uppi um tilurð þess, svo sem að það sé dregið af hávaða (eins og fossheitið Glaumur), gleðskap eða klukknaðhljómi. Samsetning nafnsins þykir sumum að bendi til annarra átta, þ.e. að hér hafi heitið Gamlibær og við brottfall og hljóðvæxl hafi nafnið breyst í Glaumbær. Kenningin er þá sú að bærinn hafi flust til, jafnvel farið í eyði um tíma og byggst aftur, er menn voru að þreifa fyrir sér með bæjarstæði á landnáms tíma.² Þá hafa verið getgátur um að nafnið sé hugsanlega dregið af mýrrarauða, eða glámu (Glámubær), sem svo var kölluð. Þetta eru athygliverðar kenningar með tilliti til þess sem komið hefur í ljós á undanförunum tveimur árum, um að hugsanlega hafa bæjarstæðin einmitt verið færð til og að í Glaumbæ er afar rauðaríkur jarðvegur. Lítið er þó hægt að fullyrða um nafngiftina og því munu þessar tilgátur standa áfram.

Stytta tileinkuð Guðríði Þorbjarnardóttur með soninn Snorra Þorfinnsson. Bronsafsteypa af höggmynd Ásmundar Sveinssonar frá 1939, sem hann nefndi: *Fyrsta hvíta móðirin í Ameríku.*



3.1 Glaumbæjarannáll

Glaumbær er kirkjustaður á miðju Langholti sem er miðsvæðis í Skagafirði. Hið forna land Glaumbæjar náði frá Héraðsvötnum að austan vestur að Meðalheimsvatni á Langholtsás, Marbælislandi að norðan til Halldórsstaða og Ytra-Skörðugils að sunnan.

Um 950 má ætla að Langholt hafi verið fullnumið.

Glaumbær var í landnámi Úlfjóts, en ekkert er vitað um fyrstu ábúendur þar.

Um 1015 hefur landkönnuðurinn Þorfinnur karlsefni Þórðarson frá Reynistað keypt Glaumbæjarlönd ef marka má Grænlandingasögu. Hvort hann reisti þar bú ásamt konu sinni Guðríði Þorbjarnardóttur eftir að þau komu heim frá Grænlandi og dvöl á austurströnd Norður-Ameríku er alls óvíst. Um það segir í sögunni: „Nú siglir Karlsefni í haf og kom skipi sínu fyrir norðan land í Skagafjörð og var þar upp sett skip hans um veturinn. En um vorið keypti hann Glaumbæjarland og gerði bú á og bjó þar meðan hann lifði og var hið mesta göfugmennni og er margt manna frá honum komið og Guðríði konu hans og góður ættbogi“³.

1030-1040 „er Karlsefni var andaður tók Guðríður við búsvæðislausu og Snorri son hennar er fæddur var á Vínlandi. Og er Snorri var kvongaður þá fór Guðríður utan og gekk suður og kom út aftur til bús Snorra sonar síns og hafði hann þá látið gera kirkju í Glaumbæ“⁴.

1040-1050 „Síðan varð Guðríður nunna og einsetukona og var þar meðan hún lifði“⁵.

² Þórhallur Vilmundarson, 1996. Bls. 83-85.

³ Íslendingasögur. Orðrétt úr lokakafla Grænlinga sögu, og samsvarandi 288. dálki Flateyjarbókar.

⁴ Íslendingasögur. Orðrétt úr lokakafla Grænlinga sögu.

⁵ Íslendingasögur. Orðrétt úr lokakafla Grænlinga sögu.

- 1234 bjó Hallur Þorsteinsson þingmaður Kolbeins unga af ætt Ásbirninga í Glaumbæ.
- 1254 fékk Hrafn Oddsson riddari og síðar hirðstjóri, Glaumbæ af Halli og bjó þar⁶.
- 1289 tók Jón korpur, sonur Hrafns við búinu. Hrafn sonur Jóns tók við af honum og fékk viðurnefni af staðnum.
- 1342 hélt Glaumbæjar-Hrafn 360 manna brúðkaupsveislu fyrir Steinunni dóttur sína og Bótólfs Andrússon hirðstjóra.
- 1343 drukknaði Glaumbæjar-Hrafn, er mestur þótti höfðingi í Skagafirði á sinni tíð, í Þjórsá.
- 1416 eða varð Þorleifur Árnason í Glaumbæ sýslumaður Skagfirðinga. Kona hans var Kristín dóttir Björns Jórslafara.
- 1440 flutti að Glaumbæ Soffía dóttir Lofts ríka Guttormssonar og giftist Árna syni Þorleifs sýslumanns og Kristínar.
- 1464 tók Þorleifur Árnason, sonur Soffíu og Árna, við Glaumbæ og bjó þar stórbúi í hálfan fimmta tug ára.
- 1510 tók Teitur sonur Þorleifs við staðnum Hann var forríkur að jörðum og kvikfénaði og fyrirferðarmikill höfðingi með lögmannsembætti. Ekki var hann jafn gætinn í fjármálum og forfeður hans og tókst Hólabiskupum, fyrst Gottskálki Nikulássyni og síðan Jóni Arasyni, með ærinni óbilgirni og yfirgangi, að ná af honum öllum eignum hans.
- 1528 hrakti Jón biskup Teit lögmann frá Glaumbæ. Árið 1522 hafði hann átt 34 jarðir, en sex árum síðar steig hann á hest sinn á Glaumbæjarhlaði slippur og snauður og rúinn öllum sínum auði og virðingu. Teitur ánafn-aði Guði, heilagri Önnu og Jóhannesi skírara Glaumbæ eftir sinn dag og þar með var staðurinn kominn í eigu kirkjunnar en hann bað bölbæna þeim er tæki við honum. Þetta sama ár var Hrafn Brandsson á Hofi á Höfðaströnd, tengdasonur Jóns Arasonar, sem náði lögmannsembættinu og flestum eignum af Teiti, staddur drukkinn á hlaðinu í Glaumbæ og manaði Filippus fylgdarmann sinn til skilminga við sig. Hlaut hann svöðusár sem dró hann til dauða⁷.
- 1540 minntist Jón biskup Arason gjafar Teits til Guðs, heilagrar Önnu og Jóhannesar skírara og lét 12 presta dóm staðfesta gjöfina. Framkvæmd gjörðarinnar dróst og biskup virðist hafa lagt jörðina undir Hólabiskupju og haft stólsbú á næsta áratuginn.
- 1550 þann 5. maí, gerði Jón biskup Arason, fáum mánuðum áður en hann sjálfur gekk fyrir sinn dómara, Glaumbæ að stað eða kirkjuléni (beneficium) og lagði til hennar jarðirnar Syðri-Ey og Ytri-Ey á Skagaströnd ásamt Stóra-Vatnsskarði og 20 mylkar ær að auki.⁸ Hefur Glaumbær verið prestssetur óslitið síðan og löngum þótt vænsta brauð í Skagafirði.
- 1554 tók við prestsembætti í Glaumbæ séra Gottskálk Jónsson (1524-1690) einn merkasti prestur sem þar hefur setið. Hann var dóttursonur Gottskálks biskups Nikulássonar á Hólum og auðugur maður. Hann var handgenginn Jóni Arasyni og reyndi að fá biskup og syni hans leysta úr haldi, án árangurs. Gottskálk ritaði svonefndan Gottskálksannál, sem er að einhverju leyti undirstaða að ritum Arngríms Jónssonar lærða og Skarðsárannáls Björns Jónssonar. Þekktust er syrpa hans hin mikla, eitt merkasta 16. aldar handrit sem til er á íslensku og jafnframt eitt af elstu pappírshandritunum okkar. Gottskálk kallaði þá bók Sópdyngju eða Dægrastytting. Í henni eru skráð um 160 skjöl, svo sem dómur,

⁶ Margeir Jónsson, 1941. Bls. 29-41.

⁷ Skarðsárannál: *Annálar 1400-1800 I*, 90.

⁸ *DI X*, 1914. Bls. 571-572. *DI XI*, 1918. Bls. 775-776, 876. 14 mjólkandi ær = málnytukúgildi.

- máldagar, heitbréf, reikningar, samningar, verðlagsskrár, fróðleikur um galdrastafi, rúnir og kreddur, kvæði, vísur, þulur og gátur og margt fleira frá miðöldum, sem fæst er þekkt úr öðrum heimildum⁹. Skjöl þessi hafa flest verið prentuð í *Íslensku fornbréfasafni*.
- 1555 lögðu biskupar til að kúgildi og lausafé kirknanna eftir siðbreytinguna skyldi leggjast til uppeldis (náms) presta og til spítalanna, sem sjúkir skyldu innleggjast á og tilnefndu Glaumbæ slíkan stað fyrir Norðlendingafjórðung.
- 1594 fékk séra Sæmundur Kársson Glaumbæ og sat til 1638.
- 1630 fékk séra Hallgrímur Jónsson staðinn og sat til 1680.
- 1634 þann 21. október brann fjóshey og nær allt fjósið í Glaumbæ. Náðust út 5 af 13 kúm lifandi¹⁰.
- 1655 var Björn Jónsson Skarðsárannálsritari jarðsunginn á fyrir kirkjudyrum¹¹.
- 1681 tók Jón Hallgrímsson sonur séra Hallgríms við og þjónaði til 1693.
- 1685 var málaður prédikunarstóll sem kom til kirkjunnar stuttu síðar. Hans er getið í vísitásiubók prófasts árið 1786 og sagður vera „stór prédikunarstóll og vænn með olíufarva, dató 1685“¹². Spjöld stólsins prýða nú veggir kirkjunnar.
- 1694 fékk séra Ólafur Pétursson staðinn í eitt ár.
- 1695 tók séra Egill Sigfússon við og sat til 1724. Egill þessi, var áður skólameistari á Hólum og munaði engu að hann missti hempuna fyrir lauslæti og barneignir¹³. Hann gaf til kirkjunnar koparklukku með ártalinu 1721 og er hún enn notuð.
- 1727 tók við staðnum Grímúlfur Illugason og var til 1783, en hann lést í vetrarbyrjun 1784. Grímúlfur var þjóðkunnur á sinni tíð, samtíða Galdra-Lofti í Hólaskóla og talinn jafn göldróttur. Þjóðsögur herma að hann ætti í illdeilum við Þorvarð prest Bárðarson á Kvíabekk og síðar í Felli og dræpu þeir með göldrum fólk og fénað hvor fyrir öðrum. Séra Sigurður Arnórsson á Mælifelli (d. 1866) eignaðist kistil sem séra Grímúlfur hafði átt. Í leynihólfi í honum. reyndist margt furðulegt, m.a. klær af fuglum, keldusvín í hveiti og margt annað undarlegt. Sigurður brenndi þetta dót og taldi það hafa verið galdradót Grímólfs prests.¹⁴
- 1734 gaf séra Grímúlfur kirkjunni koparklukku, með ártalinu 1734. Hún er enn notuð. Grímúlfur gerði við og lét endurbyggja bæinn að hluta um þetta leyti og er eldhúsið með sama sniði og hann setti á það.
- 1738 dó Gísli 11 ára sonur Grímólfs prests af vösbúð. Hann hafði verið sendur niður á Glaumbæjareyjar að hjálpa öðrum að sækja hest. Veður skall á þá og komust þeir heim við illan leik, en Gísli dó stuttu seinna¹⁵.
- 1780 lést annar sonur séra Grímólfs, sem sumir segja að hafi heitið Jón. Hann fór með húskarli fram á Halldórsstaðahaga og gengu „þeir í fen ofan allt að mitti, og sýndist húskarlínum svartur hnoðri velta undan sveininum, áður hann gekk í fenið; vildi húskarlínn þá draga hann upp, en sveinninn bað hann vægja sér og slíta sig eigi sundur, því svo blýfastur var hann. Við það hljóp húskarlínn heim og sagði til Grímólfi presti; kom hann skjótt, því ekki var langt að fara, því örskammt er suður á hagann. En er prestur kom til, var sveinninn

⁹ *Byggðasaga II*, 2001. Bls. 268.

¹⁰ Skarðsárannáll: *Annálar 1400-1800 I*, bls. 328.

¹¹ Vallholtsannáll, 1922-1927. Bls. 341.

¹² Vísitásiubók prófasts 1786.

¹³ Eyrarannáll, 1933-1938. Bls. 392.

¹⁴ *Byggðasaga II*, 2001. Bls. 268.

¹⁵ Skarðsárannáll: *Annálar 1400-1800 I*, 666.

- örendur“¹⁶. Þessi slys á sonum séra Grímúlfs voru eignuð Þorvarði presti í Felli, sem átti í galdraglettingum við Grímúlf í Glaumbæ.
- 1784 tók Eggert Eiríksson, sem hafði verið kapelán (aðstoðarprestur) Grímúlfs, við prestskap í Glaumbæ. Hann var sagður „ölkær, hagarður, gleði- og reiðmaður hinn mesti“, en 24 ríkisdali fékk hann í verðlaun frá konungi fyrir að hafa að nýju byggt upp 4 eyðikot eða hjáleigur¹⁷. Það munu hafa verið Hátún og Húsabakka, og e.t.v Elivogar og Meðalheimur. Eggert þjónaði staðnum til 1813.
- 1813 varð Magnús Magnússon prestur í Glaumbæ og þjónaði þar til 1840. Magnús var þekktur járnsmiður.
- 1833 var byggð timburkirkja í Glaumbæ og klædd torfi.¹⁸ Hún var síðasta torfkirkjan í Glaumbæ og sú síðasta er stóð innan kirkjugarðs, norðaustan við bæinn.
- 1835 er til frásögn um að dagana 5. og 6. október var slegin ísastör á Bolatjörn (sem er óþekkt örnefni í dag) og 30 hestar bundnir heim í kulda og frosti¹⁹.
- 1837 var dagana 10. - 24. júní verið að gera við eldhús og göng í Glaumbæjarbænum. Hinn 24. „þöktum við eldhúsið og göngin til fulls og erum þá klárir við það nema nokkuð af mold sem eftir er að flytja burt“ og 4. júlí „settum við hlóðirnar í eldhúsið“²⁰ segir Nikulás Magnússon í dagbók sinni.
- 1841 tók Halldór Jónsson við prestsembættinu og hélt því til 1850.
- 1843 lét séra Halldór byggja Noðurstofuna. Sagnir herma að Jónas skáld Hallgrímsson hafi gíst í henni nýbyggðri og þar hafi hann fengið fregnir af andláti Bjarna amtmanns Thorarensen, „lagðist hann þá niður í hlaðvarpanum í Glaumbæ og orti hið alkunna kvæði: Skjótt hefur sól brugðið sumri“²¹.
- 1850 varð Hannes Jónsson prestur í Glaumbæ. Þegar hann messaði „dró hann tónið á langinn og bar seint fram ræðuna, en hafði góð hljóð, og þó ræður hans hafi ekki verið neitt sérlega góðar, þá fann ég aldrei til leið(a) á blessuðu guðsorðinu í Glaumbæjarkirkju,“²² sagði Indriði Einarsson sem gekk til spurninga hjá séra Hannesi.
- 1868 um sumarið kom Pétur Pétursson biskup í vísitasíuferð ásamt séra Jóni Hallssyni prófasti, sem þá bjó á Miklabæ. Þegar biskup hafði lokið embættiserindum og þegið góðgjörðir hjá séra Hannesi stigu þeir biskup og prófastur ásamt fylgdarmönnum á bak hestum sínum. Er þeir bjuggust til að riða úr hlaði vildi Hannes óska biskupi fararheilla og mælti hátt og hátíðlega: „Eg óska að drottinn fari burt með yður af þessu heimili. Varð þá sumum á að kíma, er á hlýddu, en Pétur biskup sneri sér við í hnaknum og mælti: Og verði eftir hjá yður líka“²³.
- 1870 hóf séra Hannes byggingu timburkirkju sunnan kirkjugarðsins, beint á móti bæjardyrum (sjá teikningu Jóns Helgasonar biskups í fyrsta kafla af þeirri kirkju).

¹⁶ *Byggðasaga II*, 2001. Bls. 268.

¹⁷ *Byggðasaga II*, 2001. Bls. 268.

¹⁸ Indriði Einarsson, 1972. Bls. 44 - 47 og Vísitásiubækur prófasta.

¹⁹ Hjalti Pálsson, 2001. Bls. 268.

²⁰ Lbs. 1827, 4to: Dagbók Nikúlásar Magnússonar í Glaumbæ.

²¹ Jón Sigurðsson, 1960. Bls. 12.

²² Indriði Einarsson, 1972. Bls. 45.

²³ Jón Sigurðsson, 1988. Bls. 132.

- 1874 tók prófasturinn Jón Hallsson við Glaumbæ og hélt staðinn til 1890. Á Jónsmessukvöldið þann 24. júní það ár drukknaði Jens Oddsson vinnumaður í Glaumbæ af lekri byttu á Glaumbæjarkvísl. Hann var ásamt Stefáni syni séra Jóns að fara yfir Kvíslina. Byttan sem var lítil og lek var notuð sem ferja og sökk undir þeim félögunum, en Stefán bjargaði sér á sundi til lands²⁴.
- 1876 lauk séra Jón byggingu timburkirkjunnar sem séra Hannes hóf og lengdi baðstofuna í 8 stafgólf, eins og hún er.
- 1878 lét séra Jón byggja upp Suðurstofuna.
- 1879 keypti séra Jón altarástöflu eftir Zeuten í kirkjuna. Hún er enn notuð.
- 1887 um sumarmálin gerði hríðargarð og rak inn hafís. Eftir það batnaði, svo bændur slepptu geldfé, enda voru þá hey víða að þrotin. Í Glaumbæ var sauðum og öðru geldfé sleppt á Glaumbæjareyjar eins og vant var, en ærnar hafðar heima. Þann 17. maí brast á útvestan stórhrið með ógurlegum fannburði og stóð hún linnulaust til 20. maí. Fylltist Skagafjörður af hafís og varla sá í dökkan díl er upp birti. Þegar hríðin var að breyta á, brugðu heimamenn í Glaumbæ skjótt við og fóru ofan á Glaumbæjareyjar. Höfðu þeir megnið af fénu saman og komu því vestur að Glaumbæjarkvísl. Er þangað kom hafði fannburðurinn fyllt ána, meðan þeir voru að smala fénu, svo að hún stóð landafull af krapu og var með öllu ófær yfirferðar. Varð þá tekið það ráð að reka féð í rétt sem stóð norðast á Selrindanum. Góð grind átti að vera í réttarhliðinu, en hún hafði verið borin heima að Glaumbæ um haustið og láðst að flytja hana til baka, er hér var komið. Réttin var því opin og ekkert til að setja í réttardyrnar. Stóðu Glaumbæjarmenn allengi í réttardyrnum, en yfirgáfu réttina um síðir er stöðugt herti veðrið svo að tvísýnt var orðið um líf þeirra, ef þeir næðu ekki bæjum. Það varð þeim til bjargar að fjárbrú var á Kvíslinni hjá Geldingaholti. Fundu þeir brúna við illan leik og komust heim í Geldingaholt um kvöldið og þaðan heim daginn eftir. Þegar birti upp kom í ljós, að mestur hluti fjárins hafði yfirgefið réttina og hrakist undan veðrinu í ár og vötn, tjarnir og kila og missti prófastur þarna um 150 fullorðna sauði, fyrir utan annað geldfé. Í þessu veðri varð víða gríðarlegt skepnutjón. Í skýrslum sem safnað var um afföll búpenings í Skagafirði frá veturnóttum 1886 til fardaga 1887 misstu skagfirskir bændur 79 kýr, 10.100 kindur og 204 hross²⁵.
- 1890 tók séra Jakob Benediktsson við prestsembættinu og gegndi því til 1894.
- 1892 í febrúar, var byggð lítil bogabrá yfir Glaumbæjarkvísl fyrir menn og fjárrekstra. Einar Guðmundsson á Hraunum smíðaði brúna og kostaði hún um 250 krónur. Þessi brú var skammt norðan við núverandi brú. Hana tók af í ísreki nokkrum árum síðar.
- 1894 tók Hallgrímur Thorlacius við prestsembætti og þjónaði Glaumbæ til 1935.
- 1925 stóð Hallgrímur fyrir byggingu nýrrar kirkju vestan kirkjugarðs, norðan við bæinn. Hún er úr steini og stendur enn. Arkitektar kirkjunnar voru Einar Erlendsson og Rögnvaldur Ólafsson en yfirsmiður var Ólafur Kristjánsson frá Ábæ.
- 1926 þann 13. júní var kirkjan vígð og í því tilefni gaf séra Hallgrímur henni forkunnarfagurt altarásklæði. Nú hefur kirkjan fengið nýtt klæði en sami krossinn er á nýja klæðinu og var á klæði séra Hallgríms.
- 1931 í ágúst, brunnu 60 hestar af töðu í Glaumbæ²⁶.

²⁴ Annáll 19. aldar IV, bls. 134.

²⁵ Jón Sigurðsson: Ættir og óðal, bls. 145-146 og 148 (leiðrétt).

²⁶ Almanak 1933, Árbók Íslands 1931.

- 1932 um vorið var tekin gröf Árna Jónssonar bónda að Marbæli. Hafði hann sjálfur mælt fyrir um hvar gröfin skyldi vera, eða þar sem fyrrum höfðu staðið torfkirkjur innan kirkjugarðs. Upp úr gröfinni komu leifar af afarstórri og vandaðri líkkistu, sem þó var orðin að hjómi af fúa og elli. Var auðsætt að mikið hafði verið í hana borið. Á henni voru stórir koparskildir til skrauts, en þeir dattu í sundur er við þeim var hreyft. Upp úr gröfinni komu bein af afarstórvöxnum manni. Bar Jón bóndi á Syðri-Húsabakka annan lærlegginn við sig og virtist hann vera allt að 2 þumlungum lengri, en Jón sem sjálfur var 182 cm hár. Úr gröfinni komu einnig silfurhulstur með lykkju með ágröfnum myndum og lítil brýnisflaga, hvort tveggja sent til Þjóðminjasafns²⁷ og er varðveitt þar. Þarna hefur vafalaust einhver Glaumbæjarhöfðingja verið lagður til hinstu hvílu innan kirkju, eins og tíðkaðist fyrr á öldum.
- 1935 var prestlaust í Glaumbæ og séra Lárus Arnórsson á Miklabæ þjónaði kirkju þar til 1937.
- 1937 þann 11. júlí, voru jarðsett í Glaumbæjarkirkjugarði bein sem talin voru af Solveigu frá Miklabæ, en menn töldu sig hafa fundið kistu hennar innundir kirkjugarðinum á Miklabæ árið 1914. Séra Lárus flutti minningarorð og fór athöfnin fram með miklum helgiblæ²⁸.
- 1938 kom enskur aðalsmaður, Mark Watson í Glaumbæ og varð svo hrifinn af bænum að hann gaf 200 sterlingspund til að gera mætti við hann og varðveita. Þetta ár tók séra Tryggvi H. Kvaran á Mælifelli við prestsþjónustunni og gegndi henni til 1940.
- 1941 þjónaði Glaumbæ séra Helgi Konráðsson prófastur á Sauðárkróki.
- 1942 þjónaði séra Lárus Arnórsson á Miklabæ sóknarbörnum Glaumbæjarsóknar.
- 1943 varð séra Gunnar Gíslason prestur í Glaumbæ og gegndi þar prestskap næstu fjóra áratugina.
- 1944 var byggður nýr prestsbústaður.
- 1947 varð gamli bærinn í Glaumbæ þjóðareign og síðastu íbúarnir fluttu þaðan.
- 1952 þann 15. júní opnaði Byggðasafn Skagfirðinga fyrstu sýningu sína í gamla bænum í Glaumbæ.
- 1956 voru gerð landaskipti milli Glaumbæjar og hjáleiga staðarins þannig að hver þeirra fékk útmælt land en beitoland var sameiginlegt áfram á Glaumbæjareyjum.
- 1968 var byggð ný brú á Kvíslina.
- 1977 var mælt út land til nýbýlisins Glaumbæjar II.
- 1982 tók séra Gísli Gunnarsson tók við prestsstörfum af föður sínum. Þetta ár var afhjúpaður minnisvarði um Gísla Konráðsson sagnfræðing á hlaðinu í Glaumbæ.
- 1991 var flutt timburhús frá Ási í Hegranesi að Glaumbæ til að þjóna safni og gestum þess.
- 1994 var afhjúpaður minnisvarði um Guðríði Þorbjarnardóttur og Snorra Þorfinnsson vestan við baðstofuna í Glaumbæ. Hann var færður inn í kirkjugarðinn árið 2000.
- 1997 var byggð upp timburstofa við Glaumbæ. Stofan er eftirgerð fyrsta sýslukontórs og leikhúss Skagfirðinga. Þar eru skrifstofur byggðasafnsins.

²⁷ Bréfasafn Þjóðminjasafns: bréf Sigurðar Sigurðssonar sýslumanns 24. september 1933.

²⁸ Kristmundur Bjarnason, 1998. Bls. 494-495.

- 2002 fundust leifar langhúss frá 11. öld í túninu neðan við bæjarhólinn. Allt bendir til að bærinn hafi verið færður upp á hæðina þar sem bærinn er nú um og fyrir 1100.
- 2003 var byggður nýr prestsbústaður í Glaumbæ. Arkitekt hússins er Guðrún Jónsdóttir.

3.2 Jarðlýsing

Glaumbær er miðsvæðis á Langholti. Jörðin var talið 90 hundruð að fornu mati að meðtöldum hjáleigunum Meðalheimi, Miklagarði og Jaðri, auk eyðibýlisins Selrinda. Hjáleigurnar Hátún og Húsabakki bættust við á 18. öld. Árið 1861 var verðmæti jarðarinnar orðið 78,2 hundruð, þar af var heimajörðin talin 40.



Myndin er tekin á Glaumbæjareyjum, þar sem rist hefur verið torf, en torfrista þar er afbragðsgóð.

Hlunnindi voru nokkur. Lax- og silungsveiði var góð í Kvíslinni. Mikil reiðingsrista var á Glaumbæjareyjum. Mótak var ónothæft og vatnsbólið var ekki gott. Kirkjan átti reka fyrir Víkurlöndum á Skaga, beit fyrir mylkar ær eða kýr í Marbælislandi annað málið²⁹ og frjálsan upprekstur á svonefndri Háheiði fyrir stóð og geldfé.

Árið 1849 var túnið á heimajörðunni hérumbil 24 dagsláttur, mest þýft, en vel hirðanlegt og sæmilega grasgefið. Túnið gaf ríflega 7 kýrfóður af töðu og 6 kúa fóður af útheyi fengust utan túns. Árið 1899 var talið að jörðin framfleytti 7 nautgripum í meðalári, 200 fullorðnu sauðfé og 12 hrossum³⁰. Engjar, austan við Djúpukvísl, voru sléttar, en votar og snöggar. Húsabakkafloi og engjar fyrir neðan Kvíslina voru afar

²⁹ Jarðabók ÁM, 1930. Bls. 99.

³⁰ Hjalti Pálsson, 2001. Bls. 269.

blautar, illar yfirferðar í flám og kílum, en víða í betra lagi grösugar og alls staðar sléttar. Sumarhagar voru góðir fyrir sauðfé og sæmilegir fyrir kýr. Vetrarheit var lítil og hættur víða fyrir sauðfé og hross.

Árið 1918 var túnið orðið um 25 dagsláttur, mestallt þó þýft, en það gaf af sér 240 hesta. Engi voru samfelld og í meðallagi grasgefnar og gáfu af sér um 1000 hesta. Beitiland var gott fyrir allan búpening á meðan ekki var gaddur. Sambeit við jörðina áttu Halldórsstaðir og allar hjáleigur sem henni fylgja.

3.3 Yfirlitsmyndir - loftmyndir



Efri loftmyndin er frá Loftmyndum hf frá 2002, sú neðri frá Landmælingum Íslands. Minjastaðir eru eins númeraðir. Á neðri myndinni sem tekin er 1998 sjást tvær byggingar sem eru farnar á efri myndinni. Hús milli kirkju og prestseturs, gestahús sóknarprests og skúrbygging suðvestan gamla bæjarins, salerni safnsins.



3.4 Fornleifaskráning

1 Bæjarhóll

Glaumbær 146031-111-1

Sérheiti: Bæjarhóllinn

Tegund: Bæjarhóll 465

Lega: 65°N 36,671. 19°V 30, 285.

Staðhættir og lýsing: Bæjarhóllinn í Glaumbær er í um 30 m y.s. og mikill um sig. Á honum stendur enn síðasti bærinn sem þar var byggður, um 730 fermetra friðlýstur torfbær.


Hættumat: Hér á engin hætta að vera.

Aðrar upplýsingar

Bærinn samanstendur af 13 húsum sem byggð eru á löngum tíma. Hann er í Húsasafni Þjóðminjasafns Íslands. Bæjarhóllinn nær all langt út fyrir bæinn sjálfan og á honum eru leifar annarra húsa sem og öskuhaugur. Þetta er grasi gróinn fremur sléttur, en allhár hóll. Á þessum hól trónir gamli torfbærinn. Bærinn er byggður upp af grjóti, torfi, innfluttu timbri og rekaviði.

Heimild

Jón Sigurðsson, 1960. Bls. 4-9.
Skýrsluhöfundur.



Grunnteikning af gamla torfbænum í Glaumbær frá 1898. Þá var heytóft norðan við bæinn. Norðaustan við hann sér í horn kirkjugarðsins. Í kverkinni sunnan við bæinn, aftan við framhúsin var kálgarður áður en hann var færður fjær bænum. Aðrar breytingar frá þessum tíma eru að timburgafl er nú á Suðurdyrum (Brandahúsi) og gengið út um þær til suðurs, og timburpil er milli bæjargangna og Suðurstofu, en ekki torfveggur eins og þarna er sýnt. Í dag hýsir bærinn aðra fastasýningu Byggðasafns Skagfirðinga. Hann er mestallur byggður á árunum 1874-1939. Hluti hans er eldri. Grjót er aðeins í undirlagi veggja til að verjast uppsogi raka úr jarðveginum. Grind og klæðningar eru úr timbri og veggir og þak úr torfi. Hús talin frá vinstri eru: Smíðja, Suður-Skemma, Norður-Skemma, Suðurstofa, Bláastofa og Elddiviðarkofi. Aftur af Elddiviðarkofa er Eldhúsið, þar næst er Norðurbúr, þá Gusa (svefnhús) og aftast er Baðstofan. Á móti Gusu er Brandahús eða Suðurdyr, á móti Norðurbúri er Langabúr. Á móti eldhúsi er Litlabúr / Mjólurbúrið.

2 Kirkjutóft

Glaumbær 146031-111-2

Sérheiti: Hlaðið

Tegund: Heimild 465

Lega: 65°N 36,677. 19°V 30,277.

Hættumat: Litlar líkur eru á að undirstöður kirkjunnar sem þarna stóð raskist. Landhelgi bæjarins nær yfir þetta svæði.

Staðhættir og lýsing

Í hlaðinu fram undan Elddiviðarkofanum, stóð timburkirkja frá 1870-1923.

Aðrar upplýsingar

Kirkja þessi fauk „niður á tún“ í ofsaveðri, sennilega 1923. Áður hafði hún verið dæmd ónýtt til notkunar. Sú kirkja sem nú stendur var byggð norðan við bæinn vestast í þáverandi kirkjugarði 1925. Fyrir 1870 stóðu kirkjur í miðjum kirkjugarðinum skammt austur af núverandi kirkju.

Heimildir

Gunnlaugur Jónasson Hátúni, f. 1917.
Prófastsvisitasía 1923. HSK



Timburkirkjan sem stóð frá 1870 til 1923 á bæjarhlaðinu, á móti bæjardyrum. Teikningin er eftir herra Jón Helgason biskup og sýnir síðustu kirkjuna sem stóð þarna. Telja má víst að undirstöður þessarar kirkju megi finna á sama stað, undir moldum í Hlaðinu. Eldri kirkjur staðarins stóðu aðeins austan við núverandi kirkju.

3 Kirkjugarður

Glaumbær 146031-111-3

Sérheiti: Glaumbæjarkirkjugarður

Tegund: Kirkjugarður 465

Lega: 65°N 36,270. 19°V 30,001.

Hættumat: Lítil hætta. Grafarar reyna að fara eins varlega og þeim er unnt er teknar eru nýjar grafir í kirkjugarðinum.

Staðhættir og lýsing

Kirkjugarðar í Glaumbæ voru á sama stað og sá sem nú er, en núverandi garður nær þó nokkru vestar. Hann var stækkaður vestur fyrir kirkjuna sem þar var byggð á árunum 1925-1926 og enn stendur.

Aðrar upplýsingar

Ekki er lokað fyrir það skotið að eldri garðar hafi náð lengra til norðurs og mjög líklegt er að eldri kirkjur hafi staðið innan hans. Fyrirrennari þeirrar kirkju sem nú stendur í garðinum, stóð sunnan garðs, framan við bæ, gegnt Eldiviðarkofa á tímabilinu 1874-1923. Heimtröðin lá með kirkjugarði að norðan og vestan heim á hlað milli bæjar og kirkju. Garðurinn hefur talsvert verið sléttaður. Er kirkjan var steyp- 1925 var heimildamaður barnungur. Hann fékk það hlutverk að hala upp vatn í fötum úr brunni vestur við „braut“ (veg), sem tekinn var sérstaklega fyrir þessar aðgerðir, til steypunnar. Fyrir 1870 stóðu kirkjur í miðjum kirkjugarðinum, norðaustan við bæinn. Vorið 1932 var tekin gröf Árna Jónssonar bónda að Marbæli, sem hafði mælt fyrir um hann vildi liggja þar sem fyrrum höfðu staðið torfkirkjur innan kirkjugarðsins. Leiði Jóns er um 5 m. suðaustan við kirkjuna og um 12 m. í norðaustur frá gamla bænum.

Heimild

Bréfasafn Þjóðminjasafns: Bréf Sigurðar Sigurðssonar sýslumanns 24. sept. 1933. Gunnlaugur Jónasson Hátúni.



Stagsteinninn sést undir miðjum kjálkum kerrunnar.

Aðrar upplýsingar

Timburkirkjan sem stóð á hlaðinu í Glaumbæ frá 1870-1923 var óvarin, þ.e. ekki torflædd og því var nauðsynlegt að staga hana niður. Teikning Jóns Helgasonar biskups af kirkjunni hér á undan, er sú stagaða.

Heimild

Gunnlaugur Jónasson Hátúni.

4 Stagsteinn

Glaumbær 146031-111-4

Sérheiti: Stagsteinn

Tegund: Mannvirki 465

Lega: 65°N 36,677.19°V 30,277.

Hættumat: Lítil hætta.

Staðhættir og lýsing

Syðri stagsteinn timburkirkjunnar sem stóð á hlaðinu 1870-1923, um 10 metra til móts við Bláustofu í Glaumbæ, er steinn með brotinni járnlykkju.. Notaður til að hlekkja kirkjuna niður.

5 Hestsfjötur

Glaumbær 146031-111-5

Sérheiti: Hestasteinn

Lega: 65°N 36,686. 19°V 30,295.

Hættumat: Engin hætta

Staðhættir og lýsing

Hestasteinninn á bæjarhlaðinu í Glaumbæ um 5 metra sunnan við Stagsteininn (nr.4). Hann er úr þykkri íhvolfri grágrýtishellu sem reist er upp á rönd eins og stöpull og höggvið í gat til að binda taumana á og þrep.

Aðrar upplýsingar

Hestasteinar voru víða á bæjum til að binda hesta við, bæði fyrir heimamenn og ferðalanga. Oftast var hnapphelda dregin í gegn um gatið og taumar bundnir á hana.

Heimildir

Gunnlaugur Jónasson Hátúni.

Jón Sigurðsson, 1960. Bls. 12.



Þrepin á hestasteininum auðvelda konum, og börnum, að stiga upp á hann og sveifla sér hjálparlaust á hestbak. Til vinstri á steininum má sjá gatið sem taumar voru bundir í.



Hóllinn, þ.e. öskuhaugurinn við gamla bæinn er til vinstri á myndinni, á bak við hann er baðstofan.

6 Öskuhaugur

Glaumbær 146031-111-6

Sérheiti: Hóllinn

Tegund: Öskuhaugur 465

Lega: 65°N 36,667. 19°V 30,320.

Hættumat: Engin hætta

Staðhættir og lýsing

Öskuhaugurinn eða Hóllinn er um 4 m suðvestan við baðstofuna.

Aðrar upplýsingar

Gengið var með ösku úr eldhúsinu í gegn um göngin og um Suðurdyr eða Brandahús eins og það var líka kallað og dró nafn sitt af eldibröndum þeim sem gengið var með inn og út um þessar dyr. Þetta voru bakdyrnar.

Fornleifakönnun

Amerískur rannsóknarhópur sem var við fornleifarannsóknir í Glaumbæ á árunum 2001-2002 gróf holu í hauginn og í ljós kom að hann byrjar að myndast um 1100.

Heimild

Skýrsluhöfundur.

7 Fjánhús

Glaumbær 146031-111-7

Sérheiti: Fjánhúsin / fjós

Tegund: Heimild 465

Legi: 65°N 36, 644. 19°V 30,237.

Hættumat: Húsin sem stóðu árið 1990 var ýtt í hólinn vestan við Áshúsið en undirstöður hesthúsanna og fjóssins sem áður stóðu þarna eru á kafi í og austan við hlaðið. Þarna verður alltaf að fara með gát.

Staðhættir og lýsing

Þessi fjánhús eru horfin. Þau voru sunnan við bæinn, þar sem Áshús stendur nú. Fyrir daga þessa fjárhúss voru þarna tvö sambyggð hesthús og fjós. Sjá teikningar á þessari blaðsíðu.

Aðrar upplýsingar

Á teikningunni má sjá hvernig hús þessi litu út árið 1896 er Daniel Bruun var á ferð. Þau stóðu nær óbreytt fram undir 1940. Þetta voru hesthús og fjós séra Hallgríms Thorlaciusar. Grundvöllur þeirra er fyrir framan (austan) Áshúsið.

Heimild

Gunnlaugur Jónasson Hátúni.


Skýrsluhöfundur.

8 Fjánhús

Glaumbær 146031-111-8

Sérheiti: fjánhús


Tegund: Heimild 465



Afstaða útihúsanna 1936.



Myndin er tekin 1989 yfir grunn að Gilsstofu sem nú stendur þar. Horft til vest-suð-vesturs. Fjánhúsin voru þar sem Áshúsið stendur nú.



Teikning af fjósi og hesthúsum árið 1898. Hesthúsum var breytt í fjánhús og þannig notuð undir það síðasta, sjá nr. 7.

Hættumat: Hér getur verið töluverð hættu vegna þess að ekki er vitað með nákvæmni hvar húsin stóðu og því þarf að fara mjög varlega á þessu svæði.

Staðhættir og lýsing

Fjárhús þessi munu hafa staðið yst á túninu sunnan og neðan við bæ í Jaðri, yst í gamla túninu.

Aðrar upplýsingar

Húsin voru notuð fram yfir 1940.

Heimild

Gunnlaugur Jónasson Hátúni.

9 Fjárhús

Glaumbær 146031-111-9

Sérheiti: fjárhús

Tegund: Heimild 465

Hættumat: Hafa þarf gát á svæðinu þar sem húsin eru talin hafa staðið

Staðhættir og lýsing


Fjárhús fyrir 200 ær eru nú horfin en þau stóðu á flatanum suður við læk (skurð) á gamla túninu, sunnan í vanganum þar sem elstu búsetuminjar hafa fundist í, sem næst í háaustur frá Áshúsinu.

Aðrar upplýsingar

Þetta voru langstærstu húsin í Glaumbæ um 200 fermetrar að flatarmáli og stóðu fram yfir 1940.

Heimild

Gunnlaugur Jónasson Hátúni.



Teikningin sýnir stærstu húsin í Glaumbæ, við lækinn suður og niður



Horft frá norð-vestri yfir svæðið. Lengst til vinstri er Gvendarbrunnurinn. Aðrir rauðmerktir staðir eru fyrir gömlu fjárhúsin nr. 9 og kartöflugarð sem var sunnan við bæinn mest alla 20. öld. Einnig sést hvar fyrirhugað er að staðsetja nýja prestsetrið.

10 Brunnur

Glaumbær 146031-111-10

Sérheiti: Gvendarbrunnur

Tegund: Lind 465

Legi: 65°N 36,310. 19°V 30,240.

Hættumat: Hætta er talsverð af völdum jarðrasks og umferðar.

Staðhættir og lýsing

Vatnsból Glaumbæjar er nú horfið. Það var í Gvendarbrunni út og niður frá kirkjunni, á Skarðavelli ekki langt suðvestan við núverandi íbúðarhús á Jaðri. Brunnurinn var fylltur með afraki af Glaumbæjartúni til að forðast slys. Þar er enn þúfnablettur og nokkur bleyta í túninu.

Aðrar upplýsingar

Guðmundur góði Arason Hólabiskup á 13. öld, er sagður hafa vígt þennan brunn. Vatnið í honum þótti ekki gott því það var blandað mýrarrauða, en jörð er mjög rauðarík á þessu svæði. Eftir að íbúðarhúsið var byggt 1944 var tekið vatn úr lind vestan við húsið, undir brekkunni neðan við Miklagarð. Það var álíka slæmt, mengað leir og mýrarrauða. Neysluvatn er nú fengið úr sameiginlegri vatnsveitu ofan úr Meðalheimsdýi vestur í Ásnum.

Heimild

Gunnlaugur Jónasson Hátúni.

Rósmundur Ingvarsson. Örnefnskrá. Glaumbær. 10. apríl 1999.

Skýrsluhöfundur.

11 Bústaður

Glaumbær - 146031-111-11

Sérheiti: Nýibær / Bjarnabúð / Finnsbúð

Tegund: Heimild 465

Legi: 65°N 36,120. 19°V 30,120.

Hættumat: Þarna er allt horfið.

Staðhættir og lýsing

Nýibær stóð þar sem prestshúsið frá 1944 stendur nú og var í ábúð 1898-1904.

Aðrar upplýsingar

Þarna var áður kofi sem hét Bjarnabúð (Finnsbúð). Bjarnabúðar er síðast getið í manntalsskýrslum 1866. Talið er að þurrabúð þessi hafi staðið, þar sem hús prests stendur nú eða skammt norðar. Þurrabúð þessi var ýmist kölluð Bjarnabúð eða Finnsbúð. Þar settust að Finnur Finnsson yngri og kona hans Sigurrós Vigfúsdóttir er áður höfðu búið í Laugarbrekku. Þeirra getur síðast í sóknarmannatali í marsmánuði 1865. Finnur lést það ár. Búseta þeirra hefur því varað frá 1858 til 1865. Síðasta árið, 1864-1865, voru þar einnig hjónin



Eyjólfur Ólafsson og Sigurbjörg Kristjánsdóttir sem áður höfðu búið í Laugarbrekku. Álitið er að Bjarnabúð hafi verið þar sem Nýibær var byggður. Hans er fyrst getið árið 1898. Hann var þá talinn húsmannsbýli en þó eru ábúendur þar kallaðir bændur í sóknarmannatali. Er Gunnlaugur Jónasson var að alast upp hafði séra Hallgrímur fjárhús á þessum stað, en rétt norðan við þau var kofi sem ýmist var kallaður Hrútakofi eða Rósukofi, eftir konunni sem þar bjó í nokkur ár á 3. áratug 20. aldar. Var hún honum minnisstæð því alltaf var hún góð við þá bræður er þeir færðu henni mjólk eða annað matarkyns og sýndi hún þeim þá gæludýrin sín, mýsnar sem komu er hún kallaði og átu korn af fjöl.

Heimildir

Gunnlaugur Jónasson Hátúni.

Byggðasaga Skagafjarðar II, 2001. Bls. 266 -267.

Jarða- og búendatal 1781-1952. Bls. 8-9.

12 Bæjarhóll

Glaumbær 146031-111-12

Sérheiti: Túnið

Tegund: Heimild 465

Legi: 65°N 36,672. 19°V 30,104.

Hættumat: Lítil hætta. Undanfarin ár hafa miklar rannsóknir farið fram á túninu og leitt í ljós að í því er bæjarhóll frá fyrstu öldum byggðar. Allir þeir sem þarna fara um vita að mjög miklu máli skiptir að svæðið verði ekki fyrir raski.

Staðhættir og lýsing

Um 300 metra austur af bæjarhólnum þar sem Glaumbæ stendur er fremur slétt ávöl hæð, í stefnu suðvestur – norðaustur. Myndin er tekin vestureftir þrúfuskurði sem tekin var í minjastæðið sumarið 2002.

Ástæða til söfnunar

Í þrúfuskurðinum sem tekinn var 2003 var komið niður á greinilegar veggjahleðslur og gólfskán.

svæði, en á sitt hvorum enda ávalans voru þar sem þarna voru og gátu gefið rústir til kynna var mikið stórþýfi sem sléttað var úr á 5. áratug 20. aldar.

Fornleifakönnun

Við yfirborðsrannsóknir með viðnámsmælingum sumarið 2001 komu í ljós jarðlægar hleðslur á svæði sem spannaði um sjöhundruð fermetra. Áberandi í skoðuninni voru leifar 190 fermetra húss, að því er virtist, skálalaga. Nánari könnun sumarið 2002 staðfesti þetta og að húsið hafi verið yfirgefið fyrir 1104. Þarna virðist hafa verið eldri bær en þeir sem á núverandi bæjarhól hafa staðið, þar sem könnunarhola, sem gerð var í öskuhaugs núverandi bæjarhóls, gefur til kynna að búseta þar hefjist síðla á 11. öld.

Heimild

Séra Gunnar Gíslason Glaumbæ.

Skýrsluhöfundur.



Hér sést yfir safnsvæðið í Glaumbæ. Í túninu (sjá nr. 12) um 300 m austan við núverandi bæjarhól komu í ljós jarðlægar leifar torfveggja og móðskulög (mannvistarlög) við viðnáms- og rafleiðnimælingar sumarið 2001. Prufuholur og snið sem grafin voru sumarið 2002 leiddu í ljós leifar veggja undir öskulagi frá Heklu árið 1104. Fljótlega vaknaði grunur um að hugsanlega væri um langhús að ræða. Hér hefur hugmynd amerísku fornleifafræðinganna, sem þarna voru að verki, verið teiknuð inn á myndina til að sýna hugsanlegt útlit og stærð miðað við torfbæinn sem enn stendur. Fleiri rannsóknir þarf að gera og í framhaldi má telja einsætt að þessar mannvistarleifar verði hluti safnsvæðisins.

13 Stekkur

Glaumbær II 146034-111-13

Sérheiti: Hóllinn / Kálgarðshóll

Tegund: Heimild 465

Hættumat: Stekkurinn er horfinn en þörf er á aðgætni við hólinn.

Staðhættir og lýsing

Á merkjunum milli Glaumbæjar og Halldórsstaða er hæð eða hóll, sem jafnan var nefndur Hóll eða Hóllinn. Á honum voru leifar af stekk, sem nú er horfinn.

Aðrar upplýsingar

Meiri hluti hólins var í landi Halldórsstaða. Þar var blettur sem kallaður var Skjöldur og náði út á landamerkin og vestur að núverandi þjóðvegi. Skjöldur var afar grasgefið slægjuland. Þessi hóll var einnig kallaður Kálgarðshóll því að sunnan undir hólnum mun Halldórsstaðafólk hafa haft kartöflugarð sinn.

Heimildir

Gunnlaugur Jónasson Hátúni.

Rósmundur Ingvarsson. Örnefnaskrá. Glaumbær. 10. apríl 1999.



Horft yfir svæðið til suðurs. Stórabúfa, nr. 15, er fáeinum metrum austar, á næsta stykki.

14 Áningastaður

Glaumbær II

146034-111-14

Sérheiti: Messuklöpp

Tegund: Náttúruminjar 465

Lega: 65°N 30,310. 19°V 33, 240.

Hættumat: Lítil hættu.

Staðhættir og lýsing Messuklöpp heitir lítil klöpp á leitinu milli Glaumbæjar og Halldórsstaða, um 200 metrum sunnan og neðan við Glaumbæ II. Þetta er smá hamar, um eins metra hár, móti austri en slétt er af honum til vesturs.

Aðrar upplýsingar

Munnmæli herma að hringjari Glaumbæjarkirkju hafi venjulega hafið klukknapil sitt þegar messufólk framan af Langholtinu sást koma á Messuklöpp, og af því dragi hún nafn. „Ég held ... að kirkjuklukkurnar í Glaumbæ séu verulega góðar klukkur. Þeim mátti heyra samhringt langar leiðir ... Þær lyftu ungri sál upp frá jörðu, hvar sem mátti heyra til þeirra. Hestarnir hvöttu sporið, þegar þeir heyrðu þær, og ef komið var gangandi, þá var ferðinni flýtt,“ sagði Indriði Einarsson, sem var í fermingarfræðslu hjá séra Hannesi Jónssyni árið 1860.

Heimildir

Arnór Gunnarsson Glaumbæ II.

Byggðasaga Skagfirðinga II, 2001. Bls. 266 (sjá mynd).

Indriði Einarsson, 1972. Bls. 45.

15 Tóft

Glaumbær II 146034-111-15

Sérheiti: Stórápúfa

Tegund: Tóft, gerði

Lega: 65°N 36,192.

19°V 30,782.

Hættumat: Hætta er á raski ef bændur vilja ráðast í sléttun og er eindregið mælt til að nákvæm skoðun fari fram áður en til þess kæmi.

Staðhættir og lýsing

Þetta er hæð eða lágt holt með afar óglöggum tóftum eða þúfu, sem kölluð var Stórápúfa. Hún er í efra stykkinu á að giska 250-300 m suðvestur frá fjósinu í Glaumbæ II, sunnan við mitt stykkið, skammt norðvestur af Bragganum. Syðst á sléttum bala eru nokkrir steinar sem gætu verið úr vegghleðslu. Stórpýfður kragi er í kring og við taka uppþornaðar mýrar.

Aðrar upplýsingar

Engar sagnir eru um þennan stað.

Heimildir

Arnór Gunnarsson Glaumbæ.

Rósmundur Ingvarsson.

Örnefnskrá.



16 Tóft

Glaumbær II 146034-111-16

Sérheiti: Geitakofi

Tegund: Heimild 465

Hættumat: Þarna þarf að fara varlega

Staðhættir og lýsing

Beint í vestur frá Stórápúfu, sem næst í hásuður frá Meðalheimsbænum var hóll uppi á ásnunum, sem á voru greinileg veggjabrot fyrir 1950. Þar er nú allt afmáð og uppgróið.

Aðrar upplýsingar

Þar hét Geitakofi og sagði séra Hallgrímur heimildamanni að þar hefðu verið hýstar geiturnar í Glaumbæ fyrr á tíð. Um þennan kofa eru ekki aðrar heimildir. Séra Hallgrímur Thorlacius var prestur í Glaumbæ frá 1894-1935.

Heimild

Gunnlaugur Jónasson Hátúni.

17 Varða

Glaumbær II 146034-111-17

Sérheiti: Hornvarða

Tegund: Varða 465

Hættumat: Þarna þarf að fara varlega og taka tillit til gamalla landamerkja.

Staðhættir og lýsing

Hornvarða er á landamerkjum Glaumbæjar, Jaðars og Hátúns, við Meðalheimsvatn.

Aðrar upplýsingar

Þar á merkjum Glaumbæjar og Hátúns eru þrjú kennileiti. Stór steinn og Hornvarða á sitt hvoru horni og í miðju er stór þúfa, sem gætu verið leifar annarrar vörðu.

Heimildir

Arnór Gunnarsson Glaumbæ II.

Rósmundur Ingvarsson. Örnefnskrá. Glaumbær. 10.apríl 1999.



Séð yfir hluta svæðisins úr vestri, yfir tún og Glaumbæjareyjar austan Kvíslar. Þar teygir Selrindinn sig til norðurs-suðurs.

18 Vað

Glaumbær 146031-111-18

Sérheiti: Vaðið

Tegund: Heimild 465

Lega: 65°N 36,740. 19°V 29,220.

Hættumat: Kvíslin ræður lögum og lofum á vaðinu og við það.

Staðhættir og lýsing

Vaðið á Kvíslinni er á sandgrynningunum um 200 metra sunnan við brúna.

Aðrar upplýsingar

Þar lét Hallgrímur Thorlacius byggja nýja fjárrétt á Kvíslarbakkanum við Djúpavað 1927 og stóð hún fram um miðja 20. öld að flóð í Kvíslinni braut vesturhluta hennar niður. Réttin var hlaðin úr torfi og skyldaði prestur alla hjáleigubændurnar til hleðslunnar, þeim sumum til gremju. Minntist Gunnlaugur Jónasson í Hátúni þess er hann, sem ungur drengur, var látinn teyma hesta með kláfum á til að reiða í torfhnausana. Líkaði honum vinnan öllu betur en körlunum. Enn má sjá ógreinilegan grundvöll réttarinnar á bakkanum rétt sunnan við vaðið og hefur áin brotið bakkann

inn í vesturhlið réttarinnar. Þar gerðist smásaga Indriða G. Þorsteinssonar: Dagsönn við ána.

Heimild

Gunnlaugur Jónasson Hátúni.

19 Hjáleiga

Glaumbær 146031-111-19

Sérheiti: Selrindi

Tegund: Tóft + Gerði 465

Legi: 65°N 36,882. 19°V 28,671.

Hættumat: Lítil hættu.

Staðhættir og lýsing

Enn sjást ógreinileg garðlög á Glaumbæjareyjum austur frá Glaumbæ. Selrindinn virðist forn vatnabakki, litlu hærri en landið umhverfis og hlykkjast norður eftir Glaumbæjareyju frá suðvestri til norðausturs.

Aðrar upplýsingar

Selrindi var hjáleiga frá Glaumbæ á Glaumbæjareyjum. Í bréfi séra Eggerts Eiríkssonar í Glaumbæ til stjórnskipaðra matsmanna, árið 1803 á þá leið, að fyrir tveim öldum eða meira hafi verið sel eða jafnvel kot í miðju, nú venjulega yrktu Glaumbæjarengi fyrir austan Blákíl og heitið Selrindi, hjáleiga staðarins, talin 10 eða 20 hundruð að máli elstu manna á dögum forvera síns, séra Grímúlfs Illugasonar. Nú sé „grundvallarstaður kotsins“ aftur á móti „nær sokkinn í flóann“ og fyrir löngu eyðilagður „bæði af Héraðsvatnanna að austan og Deildarvatnanna (Kvíslarinnar) að vestan sífelldum yfirgangi.“ Enginn veit með vissu hvar bærinn Selrindi hefur staðið en nokkrar líkur benda til réttarrústar nr. 20. Sóknarlýsingin frá 1842 nefnir Selrinda öðru nafni Skóga og jarðabókin frá 1760 getur um kirkjujörðina Skóga, sem var 20 hundruð að dýrleika. Aðrar heimildir fyrir því nafni eru ókunnar. Hugsanlegt er að Skógar hafi byggst á Selrinda sem samnefndur bær stóð á fyrrum. Gunnlaugur Jónasson í Hátúni sagði að séra Hallgrímur hefði sagt að þarna hefði verið haft í kvíum áður fyrr. Þannig var það í aldaraðir utan einu sinni, eitt ár, að einhver ábúandinn reyndi að hafa ær í kvíum heiman við Kvíslina og hlóð kvíar á smáhól á enginu, sem löngu er horfinn. Hann vildi freista þess að geta unnið mjólkina heima, en það „réðist ekkert við ærnar“ svo aftur var horfið til fyrri siða, sem voru að ærnar voru setnar á Eyjunum, þar var stíað og fært frá þeim og lömbin rekin á fjall. Unnið var úr mjólkinni niður á Selrinda og smjör, skyr og mysa flutt heim fullunnin, jafnóðum. Allt reitt á hestum enda yfir Kvíslina að fara. „Þetta sagði Hallgrímur.“ Ekki vissi Gunnlaugur hvort fólkið hafði þar við daga og nætur en víst er að vinnukonur og smalar hafa ráðið ríkjum á Selrindanum löngu eftir að býlið Selrindi fór í eyði.

Heimildir

Gunnlaugur Jónasson Hátúni, f. 1917.

Byggðasaga Skagafjarðar II, 2001. Bls. 266 og mynd bls. 267.

20 Rétt

Glaumbær 146031-111-20

Sérheiti: Glaumbæjarrétt

Tegund: Heimild 465

Lega: 65°N 36,883. 19°V 28,671.

Hættumat: Hætta er eingöngu af völdum flóða og veðrunar.

Staðhættir og lýsing

Fjárrétt var sunnarlega á Selrindanum á 19. öld, rétt utan Húsabakkavegar. Kölluð Glaumbæjarrétt. Veggjabrot þar marka um 6 x 11 fermetra flöt.

Aðrar upplýsingar

Um sumarmálin 1887 gerði stórhrið og rak inn hafís. Eftir það batnaði, svo bændur slepptu geldfé, enda voru þá hey víða á þrotum. Í Glaumbæ var sauðum og öðru geldfé sleppt snemma á Glaumbæjareyjar eins og vant var, en ærnar hafðar heima. Þann 17. maí brast á útvestan stórhrið með ógurlegri fannkomu og stóð látlaust til 20. maí. Fyllti Skagafjörð af hafís á nokkrum dögum. Þegar hriðin var að breyta á, brugðu heimamenn í Glaumbæ skjótt við og fóru ofan á Glaumbæjareyjar til að smala fé sínu og komu því vestur að Glaumbæjarkvísl, en er þangað kom hafði fannburðurinn fyllt ána svo að hún stóð landafull af krapu og algerlega ófær yfirferðar. Varð það þá ráð þeirra að reka féð í Selrindaréttina. Góð grind átti að vera í réttarhliðinu, en hún hafði verið borin heima að Glaumbæ um haustið og láðst að flytja hana aftur niður eftir þá um vorið. Réttin var því opin og ekkert til að setja í dýrnar. Stóðu menn þar lengi, en yfirgáfu réttina er stöðugt herti veðrið og menn sáu að tvísýnt var orðið um líf þeirra, ef þeir næðu ekki bæjum. Þeir komust á fjárbrú á Kvíslinni hjá Geldingaholti og komust þangað heim um kvöldið við illan leik. Þegar birti upp, kom í ljós, að mestur hluti fjárens hafði yfirgefið réttina og hrakið undan veðrinu í ár og vötn, tjarnir og kíla. Var talið, að prófastur hefði misst þarna um 150 sauði fullorðna, fyrir utan annað geldfé.

Heimild

Byggðasaga Skagafjarðar II, 2001. Bls. 268 og loftmynd bls. 267.

21 Heygeymsla

Glaumbær 146031-111-21

Sérheiti: tóft

Tegund: Tóft 465

Lega: 65°N 36,898. 19°V 28,650.

Hættumat: Hætta er eingöngu af völdum flóða og veðrunar.

Staðhættir og lýsing

Litlu utan við rúst af Glaumbæjarrétt á Selrinda, á að giska 50-60 m norðan vegar, er tóftarbrot eða heystæði á þurru bala um 8 x 16 m að flatarmáli.


Aðrar upplýsingar

Hey af Selrindanum var geymt í heytóftinni og flutt heim að vetri til. Tóftin var notuð fram undir 1940.

Heimildir

Gunnlaugur Jónasson Hátúni, f.1917.

Byggðasaga Skagafjarðar II, 2001. Bls. 266.



22 Íbúð

Glaumbær 146031-111-22

Sérheiti: Mikkakofi

Tegund: Tóft 465

Lega: 65°N 37,566. 19°V 19,277.

Hættumat: Hætta er eingöngu af völdum flóða og veðrunar.

Staðhættir og lýsing

Yst á Selrinda, nyrst þriggja heytóftabrota, var Mikkakofi.

Aðrar upplýsingar

Mikkakofi var lítill torfkofi, kenndur við Jörgen Frank Michelsen úrsmið á Sauðárkróki sem heyjaði þar á þriðja áratug 20. aldar. Hann átti tvær kýr og var við heyskap í 4-5 vikur. Tóftarbrot þau sem sýnileg eru nú eru leifar af kofa sem hann byggði yfir sig og byggður var á gamalli tóft sem þar var fyrir.

Heimildir

Byggðasaga Skagafjarðar II, 2001. Bls. 267. Akureyri.

Gunnlaugur Jónasson Hátúni.

23 Áttatákn

Glaumbær 146031-111-23

Sérheiti: hóll

Tegund: Tóft 465

Lega: 65°N 37,566. 19°V 19,277.

Hættumat: Hætta er eingöngu af völdum flóða.

Staðhættir og lýsing

Á grónum sandhól þar sem Mikkakofi stóð. Hóllinn er umfangsminni en hærri en þeir sem heystæðin eru á og að nokkru blásinn upp í sandgryfjur.

Aðrar upplýsingar

Af hólnum er mið til vesturs, nákvæmlega gamli Glaumbæjarbærinn á Kaldbak.

Heimildir

Byggðasaga Skagafjarðar II, 2001. Bls. 262.

Gunnlaugur Jónasson Hátúni.

4 Húsin

Á safnsvæðinu í Glaumbæ eru þrjú hús sem áður voru notuð til íbúðar en eru nú í umsjá Þjóðminjasafns Íslands og Byggðasafns Skagfirðinga. Þetta eru gamli torfbærinn og tvö aðflutt timburhús.



Húsin í Glaumbæ, frá vinstri: Áshúsið byggt 1883-1886, gamli bærinn byggður 1765-1939 og Gilstofan byggð 1849.

Glaumbær

Sérheiti: Glaumbær

Tegund: Hús 465

Lega: 65°N 47,140. 19°V 34, 600.


Hættumat: Engin hætta - bærinn er alfriðaður og undir stöðugu eftirlit.

Staðhættir og lýsing

Gamli bærinn í Glaumbæ er í Húsasafni Þjóðminjasafns Íslands. Hann stendur austan Sauðárkróksbrautar, sunnan við kirkjuna frá 1925. Bærinn í Glaumbæ er gott dæmi um íslenska sveitabæi eins og þeir gerðust mestir á höfðingjasetrum 19. aldar. Hann er ríkulega búinn verkfærum, búshlutum og gripum úr bændasamfélaginu gamla. Sex burstir snúa fram á hlað og að baki þeirra fjórföld húsaröð. Samtals eru þetta 13 hús með þrískiptri baðstofu vestast og 23 metra löngum göngum frá útidyrum til baðstofu. Húsin eru misgömul. Yngst er Suðurstofa, byggð 1878. Eldhúsið var endurbyggt sumarið 1837 en talið að stofni til frá því um 1735. Á dögum séra Jóns Hallssonar var suðurhús baðstofunnar í senn skrifstofa og svefnhús prestshjónanna, en norðurhúsið var aðsetur heimasætanna.

Heimild

Jón Sigurðsson, 1960. *Glaumbær og Byggðasafn Skagfirðinga*.
Skýrsluhöfundur.



Þarna sést húsaskipan torfbæjarins. 1) bæjardyr og göng, 2) gestastofa, 3) eldhús, 4) búr, 5) svefnhús, 6-8) stofa / baðstofa, 9) forstofa / útidyr, 10-11) búr, 12) stofa, 13-14) skemmur, 15) smíðja, 16) geymsla.

Gilsstofan

Legi: 65°N 36,669. 19°V 30,236.

Hættumat: Engin hætta.

Staðhættir og lýsing

Eggert Briem (1811-1894) sýslumaður Skagfirðinga frá 1862-1884 flutti timburstofu þessa með sér milli héraða. Bróðir hans, Ólafur Briem (1808-1859) snikkari, smíðaði hana fyrir hann árið 1849 er hann bjó á Espihóli. Þótti stofan listasmíði og til mikillar prýði. Viðir stofunnar voru fluttir á ísum inn á Akureyri og skipað um borð í strandferðaskip sem flutti það sjóleiðina til Skagafjarðar. Þeim var fyrst landað í Grafarósi. Þaðan voru þeir fluttir á

bát að Kolkuósi og svo dregnir fram að Hjaltastöðum í Blönduhlíð þar sem

sýslumaður hafði aðsetur fyrst í stað. Munnmæli herma að hagleiksmadurinn og rithöfundurinn Jón Mýrdal hafi unnið við uppsetningu stofunnar er viðirnir komu þangað. Espihólsstofan stóð á Hjaltastöðum frá 1862 til 1872. Árið 1872 var hún tekin niður og húsviðirnir dregnir á ísum yfir Héraðsvötn, að Reynistað þar sem hún stóð til 1884. Eggert sýslumaður notaði hana bæði sem samkomuhús og fundarstað. Stofan er því fyrsti sýslukontór

Skagfirðinga og þar munu fyrstu leikritin hafa verið settar á fjalirnar 1874 er fyrsti sýslufundurinn var haldinn þar. Oft var gestkvæmt í stofunni og mikil hátíðahöld, því fjölmenni var jafnan í sýslufundavíkunni og margt til gamans gert. Var fljótlega farið að kalla hana Sælúviku. Jóhannes Ólafsson (1855-1897) á Gili í Borgarsveit tók við sýslumannsstarfinu af Eggerti 1884 og var sýslukontórinn þá fluttur að Gili. Þótti sjálfsgætt að nýr sýslumaður fengi stofuna með embættinu. Þar stóð hún frá 1885-1891 eða þar til Jóhannnes flutti til Sauðárkróks. Stofuna tók hann með sér. Upprisin á Sauðárkróki í 6. sinn fékk hún nýtt hlutverk og farið var að kalla hana Gilsstofu. Hún stóð á Króknum frá 1891-1985. Kristján Gíslason (1863-1954) kaupmaður keypti stofuna 1892 og bjó í hluta hennar og setti á fót verslun K.G. eins og hún var kölluð. Byggt var við stofuna og hvarf hún inn í Kristjáns borgara hús, sem fékkst gefins árið 1985 ef einhver vildi fjarlægja það. Hófust nú flutningar hússins á ný og það var sett upp á bíl í heilu lagi og flutt að Kringlumýri í Blönduhlíð þar sem það stóð frá 1985-1988. Stutt er á milli Kringlumýrar og Hjaltastaða þar sem stofan stóð fyrst í Skagafirði og því má segja að þarna lyki merkilegri hringferð. Við lagfæringar á húsinu „uppgötvaðist“ stofan inni í því og gaf Sigurður Hansen bóndi byggðasafninu húsveiðina. Árið 1988 var stofan tekin sundur og viðir hennar metnir. Þeir voru illa farnir og lítið eftir af upprunalegum viðum en augljóst var hvernig hún hafði verið smíðuð og auk þess voru til góðar heimildir um hana. Ákveðið var að reyna að koma húsinu upp aftur. Stofan átti sér merkilega sögu og var kjörgripur að allri gerð. Einnig



Espihólsstofan sem nú er kölluð Gilsstofa, kom með Eggerti Briem sýslumanni í Skagafjörð 1861. Nú eru þar skrifstofur Byggðasafns Skagfirðinga og Minjavarðar fyrir Norðurland vestra.



Húsið stóð upp við baðstofuna á Reynistað, myndin er tekin 1882-1884.

skipti máli að fyrir hönd byggðasafnsins tók við stofunni síðasta sýslunefndin, sem starfaði fyrir Skagfirðinga, en saga stofunnar og hennar tengdust órjúfandi böndum eins og fram hefur komið og tíminn að vinna á báðum. Viðgerðir hófust árið 1989 og voru grindaviðir endurnýjaðir að hluta og smíðuð ný klæðning og gluggar. Um áramót 1989 / 1990 tók héraðsnefnd við rekstri safnsins og viðgerð Gilsstofu var slegið á frest. Á árunum 1990 - 1994 voru viðir stofunnar í geymslum á Uppsölum, Mælifelli og Lambeyri. Árið 1996 var svo ákveðið að hefjast handa á ný og bæði nýir og gamlir húsviðir voru fluttir að Glaumbæ á sinn framtíðarstað. Þá varð ljóst að það sem eftir var af upprunalegum viðum og ætlaðir til viðgerðar voru ekki til þess fallnir að bera húsið uppi og því var allt timburverkið endurnýjað með sömu ummerkjum og gömlu viðirnir sögðu til um og þeir gömlu settir til varðveislu upp á skambitaloft.

Heimildir

Kristmundur Bjarnason, 1969. Bls. 191.

Séra Benjamín Kristjánsson, óársett. Bls. 103-157.

Elín Briem, 1940. Bls.34-36, 46-48.

Sigríður Sigurðardóttir, 1991.

Áshúsið

Lega: 65°N 36, 640. 19°V 30,239.

Hættumat: Engin hætta.

Staðhættir og lýsing

Áshúsið var byggt á árunum 1883-1886 í Ási í Hegrnesi. Það var flutt að Glaumbæ í mars 1991 og gegnir margföldu hlutverki í starfsemi safnsins. Gert var við húsið samkvæmt ströngustu skilyrðum, enda um safngrip að ræða. Viðgerðinni stýrðu

Hjörleifur Stefánssonar arkitekt og Bragi Skúlason

trésmiðameistari. 19. aldar smiðir hússins voru Ólafur Sigurðsson bóndi í Ási, Einar Guðmundsson smiður á Hraunum í Fljótum, Þorsteinn Sigurðsson smiður Sauðárkróki, Guðjón Gunnlaugsson smiður í Vatnskoti, Eiríkur Jónsson bóndi og smiður í Djúpadal, Sveinbjörn Sveinsson hleðslumaður frá Hornbrekku og fleiri. Húsið er í dansk-íslenskum stíl og var eitt stærsta timburhús í Skagafirði á sínum tíma, en fyrirmynd þess var hús sem Einar Guðmundsson á Hraunum hafði byggt sér þar. Hjónin Ólafur Sigurðsson og Sigurlaug Gunnarsdóttir sem bjuggu í Ási frá 1854-1905, sem létu byggja húsið, ætluðu það fyrir Kvennaskóla Skagfirðinga sem þau höfðu hýst 1877 og var á faraldsfæti milli heimila í Skagafirði. Þær ráðagerðir rættust ekki, en húsið er vitnisburður um stórhug og kjark kynslóðarinnar sem leiddi íslensku þjóðina til sjálfstæðis. Börn þeirra og barnabörn bjuggu alla tíð í húsinu á meðan það stóð í Ási.

Heimildir

Hlín, 1929. Bls. 90-97.

Kristmundur Bjarnason, 1969. Bls. .

Sigríður Sigurðardóttir, 1988. Bls. 3-11.



Húsið var reist í Ási í Hegrnesi á árunum 1883-1886. Það var flutt í Glaumbæ árið 1991 og opnað almenningi sumarið 1995.

Heimildaskrá

- Diplomatarium Islandicum. Íslenzkt fornbréfasafn II - XI*, 1893 -1914. Reykjavík.
Séra Benjamín Kristjánsson, óársett. „Ólafur Briem timburmeistari á Grund” (103-157).
Eyfirðingabók I. Sögur frá umliðnum öldum. Akureyri.
Elín Briem, 1940. „Helstu æfiatriði sýslumannshjónanna Eggerts Gunnlaugssonar Briem og Ingibjargar Eiríksdóttur.“ *Lesbók Morgunblaðsins* (34-36, 46-48). 5 tbl. Sunnudaginn 4. febrúar 1940. XV. árgangur. Reykjavík.
Eyrarannáll. 1551-1703. Annálar 1400-1800 III, 1933-1938. Reykjavík
Flateyjarbók Gks 1005 fol. Dálkur 288. Árnastofnun.
Hjalti Pálsson, 2001. Byggðasaga Skagafjarðar II. bindi. Staðarhreppur - Seyluhreppur. Akureyri.
Íslendinga sögur, Grænlandinga saga. 1987. Reykjavík.
Indriði Einarsson, 1972. *Séð og lifað. Endurminningar*. Reykjavík.
J. Johnsen, 1847. Jarðatal á Íslandi. Kaupmannahöfn.
Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, 1930. Níunda bindi. Kaupmannahöfn.
Jón Sigurðsson, 1960. *Glaumbær og Byggðasafn Skagfirðinga*. Reykjavík.
Jón Sigurðsson, 1988. *Ættir og óðal*. Um ævi og störf Jóns Sigurðssonar. Akureyri.
Kristmundur Bjarnason, 1969. *Saga Sauðárkróks. Fyrri hluti fram til ársins 1907*. Akureyri.
Kristmundur Bjarnason, 1998. *Skagfirzkur annáll 1847-1947, II*. Reykjavík.
Margeir Jónsson, 1941. Frá miðöldum í Skagafirði. *Skagfirzk fræði III*. Reykjavík
Hlín, 1929. *Merkiskonur. Sigurlaug Gunnarsdóttir í Ási í Hegranesi* (90-97). Reykjavík.
Mælifellsannáll 1680-1738 (541-666). Annálar 1400-1800 I, 1922-1927. Reykjavík.
Prófastsvisitasía, 1923. Kirkjusköðun Glaumbæjarkirkju þann 1. júlí. HSk.
Sigríður Sigurðardóttir. *Ás í Hegranesi* 1988 (3-11). Sauðárkrókur.
Sigríður Sigurðardóttir, 1991. Gilsstofa. Einblöðungur. Sauðárkrókur.
Vallholtsannáll 1626-1666 (317-367). Annálar 1400-1800 I, 1922-1927. Reykjavík.
Vatnsfjarðaannáll yngri 1414-1672 (88-161). Annálar 1400-1800 III, 1933-1938. Reykjavík.
Visitasiúbækur prófesta árin 1786, 1836, 1838, 1874. Þjóðskjalasafn Íslands.
Þórhallur Vilmundarson, 1996. *Grímnir. Rit um nafnfræði* 3. Reykjavík

Munnlegar heimildir:

- Arnór Gunnarsson bóndi í Glaumbæ II
Séra Gunnar Gíslason fyrrverandi sóknarprestur og bóndi í Glaumbæ frá 1943-1982
Gunnlaugur Jónasson bóndi í Hátúni, þar fæddur 1917 og uppalinn.

Fylgiskjal 1 Byggðasafn Skagfirðinga - yfirlit


Frá stofnun safnsins 1948 til 1989 stóð sýslunefnd Skagafjarðarsýslu fyrir rekstri þess. Þá tók við héraðsnefnd og hélt áfram þeirri uppbyggingu sem sýslunefnd hafði lagt grunninn að síðustu árin sem hún starfaði. Starfsemi safnsins jókst og starfsskilyrði bötnuðu. Safnið stóð fyrir einni sýningu í gamla bænum í Glaumbæ frá 1952-1992, en hefur nú tvær fastasýningar, í Minjahúsinu á Sauðárkróki og Glaumbæ og þemasýningar í Áshúsinu og Vesturfarasetrinu á Hofsósi. Safnið hefur aðgang að þokkalegum geymslum og aðstaða til rannsókna fer batnandi.

Söfnunarsvæði Byggðasafns Skagfirðinga takmarkast á flestum sviðum landfræðilega við sýslumörk og efnislega við sérstaklega afmarkaða söfnunarstefnu. Haustið 1987 var ráðinn starfsmaður í heilsársstöðu að safninu. Forsenda þess að safn starfi eðlilega er að það hafi starfsmenn sem sinna öllum þáttum hins almenna safnastarfs, sem felst í móttöku muna, skráningu, varðveislu, uppsetningu sýninga og annarri miðlun safnkostsins, viðhaldi sýninga, safnkennslu, rannsóknum, forvörslu, eftirliti með viðgerðum, fyrirspurnum, markaðssetningu, ráðgjöf og daglegum rekstri skrifstofu. Frá 1987 hefur sagnfræðingur og kennari starfað fyrir safnið og fornleifafræðingur frá 1998.

Mikill fjöldi gesta sækir sýningar safnsins og gera má ráð fyrir að á bilinu 22 - 25 þús. manns gangi árlega um safnsvæðið í Glaumbæ.

Fylgiskjal 2 Grafísk mynd viðnámsmælinga - elstu búsetuleifar í Glaumbæ.

BYGGÐASAFN SKAGFIRÐINGA/SS/01



HLUTI RANNSÓKNARSVÆÐISINS Í GLAUMBÆ 2001-2002, EINS OG ÞAÐ KOM FYRST FRAM VIÐ YFIRBORÐSMÆLINGAR Á EÐLISLEIÐNI / VIÐNÁMI JARÐVEGS. MISMUNANDI LITIR TÁKNA MISMIKIÐ VIÐNÁM. RAUTT ER MESTA VIÐNÁM - BOTNFALL Í VATNI EÐA Á FLÆÐIENGI.

Stafir tákna niðurstöður úr borholum og profuskurðum.

n - náttúrulegur óhreyfður jarðvegur (natural)

m - sorphaugur/dreift móðskulag (midden)

f - flæðiengi / vatnsbotn (flooded)

d - gamall skurður - vatnsrás - affall/ræsi (ditch)

w - veggur (wall)

c - viðarkol (charcoal)

John M. Steinberg / Brian N. Damiata/UCLA/2001. Þýð. Sigríður Sigurðardóttir